# LEYFISSAMNINGUR NORTON

**MIKILVÆGT:** VINSAMLEGAST LESTU SKILMÁLA ÞESSA LEYFISSAMNINGS („LEYFISSAMNINGURINN“) VANDLEGA ÁÐUR EN ÞÚ NOTAR HUGBÚNAÐINN (SAMKVÆMT SKILGREININGU HÉR AÐ NEÐAN). SYMANTEC CORPORATION OG/EÐA HLUTDEILDARFÉLÖG ÞESS SEM ERU LEYFISHAFAR MEÐ MARKAÐSLEYFI („SYMANTEC“), MUN VEITA ÞÉR LEYFI FYRIR HUGBÚNAÐINUM SEM ÞEIM EINSTAKLINGI, FYRIRTÆKI EÐA LÖGAÐILA SEM MUN NÝTA SÉR HUGBÚNAÐINN (SEM VÍSAÐ ER TIL HÉR FYRIR NEÐAN SEM „ÞÚ“ EÐA „ÞINN“) AÐEINS MEÐ ÞVÍ SKILYRÐI AÐ ÞÚ SAMÞYKKIR ALLA SKILMÁLA ÞESSA LEYFISSAMNINGS. ÞETTA ER LAGALEGUR OG FRAMFYLGJANLEGUR SAMNINGUR Á MILLI ÞÍN OG SYMANTEC. MEÐ ÞVÍ AÐ OPNA ÞESSAR UMBÚÐIR, RJÚFA INNSIGLI, SMELLA Á HNAPPINN „ÉG SAMÞYKKI“ EÐA „JÁ“ EÐA Á ANNAN HÁTT GEFA TIL KYNNA SAMÞYKKI ÞITT Á RAFRÆNAN HÁTT, HLAÐA HUGBÚNAÐINN EÐA Á ANNAN HÁTT NOTA HUGBÚNAÐINN, SAMÞYKKIR ÞÚ SKILMÁLA ÞESSA LEYFISSAMNINGS. EF ÞÚ SAMÞYKKIR ÞESSA SKILMÁLA EKKI SKALTU SMELLA Á HNAPPINN „HÆTTA VIÐ“ EÐA „NEI“ EÐA „LOKA GLUGGA“ EÐA Á ANNAN HÁTT GEFA TIL KYNNA SYNJUN, EKKI NOTA HUGBÚNAÐINN FREKAR OG HAFA SAMBAND VIÐ (i) SÖLUAÐILA EÐA NOTENDAÞJÓNUSTU SYMANTEC, OG NOTA TIL ÞESS SAMSKIPTAUPPLÝSINGAR Í KAFLA 7 Í ÞESSUM LEYFISSAMNINGI, TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM HVERNIG ÞÚ FÆRÐ ENDURGREIDDA ÞÁ UPPHÆÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR NÚGILDANDI LEYFISTÍMABIL (SKILGREINT HÉR AÐ NEÐAN) HVENÆR SEM ER INNAN SEXTÍU (60) DAGA FRÁ KAUPUM Á ÁRSÁSKRIFT EÐA INNAN ÞRJÁTÍU (30) DAGA FRÁ KAUPUM Á MÁNAÐARÁSKRIFT, EÐA (ii) ÞJÓNUSTUVEITANDA ÞINN (SKILGREINDUR HÉR AÐ NEÐAN) (MINNI FLUTNINGAR, AFGREIÐSLA OG ALLIR VIÐEIGANDI SKATTAR FYRIR UTAN ÁKVEÐIN FYLKI OG LÖND ÞAR SEM FLUTNINGUR, AFGREIÐSLA OG SKATTAR ERU ENDURGREIÐANLEGIR) TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM HVERNIG ÞÚ FÆRÐ ENDURGREIÐSLU HAFIR ÞÚ FENGIÐ AÐGANG AÐ HUGBÚNAÐINUM OG ÞJÓNUSTUNNI FRÁ ÞJÓNUSTUVEITANDA ÞÍNUM.

1. Leyfi:

Hugbúnaðurinn og fylgigögn (þ. á m. vöruumbúðir) („fylgigögnin“) sem fylgja þessum leyfissamningi (saman nefnt „hugbúnaður“) eru eign Symantec eða leyfisveitenda og varin af höfundarréttarlögum. Jafnvel þótt Symantec eða leyfisveitendur haldi áfram að eiga hugbúnaðinn munt þú, að veittu samþykki þínu á þessum leyfissamningi, fá tiltekin réttindi til að nota hugbúnaðinn á leyfistímanum (eins og hann er skilgreindur hér að neðan). Öll réttindi sem ekki eru veitt þér gagngert eru áfram í höndum Symantec og/eða leyfisveitenda. „Leyfistími“ skal hefjast (a) á þeim degi sem þú setur fyrst upp eða notar fyrst hugbúnaðinn í tölvu, sýndarumhverfi, farsíma eða fartæki („tæki“), eða (b) á þeim degi sem þú samþykktir þennan leyfissamning, eða (c) hafir þú keypt hugbúnaðinn frá netverslun Norton, á þeim degi sem þú gerðir kaupin, eða (d) hafir þú fengið þennan hugbúnað sem hluta af pakkatilboði, á þeim degi sem kaupum þínum á slíku pakkatilboði er lokið, eða (e) hafir þú fengið rétt til afnota á hugbúnaðinum eins og lýst er í þessum leyfissamningi frá samþykktum veitanda Symantec („veitanda“), á þeim degi sem slíkur þjónustuveitandi ákveður. Leyfistíminn skal vara það tímabil sem tilgreint er í fylgiskjölum eða viðeigandi viðskiptaskjölum frá samþykktum dreifingaraðila, endursöluaðila eða veitanda sem þú fékkst hugbúnaðinn frá. Hugbúnaðurinn kann að hætta virkni sjálfkrafa og verða ónothæfur í lok leyfistímans og þú munt ekki hafa rétt á að fá nokkrar uppfærslur á eiginleikum eða efni hugbúnaðarins nema leyfistíminn verði endurnýjaður. Áskrift fyrir endurnýjun á leyfistíma verður (i) tiltæk í samræmi við þjónustureglur Symantec sem birtar eru á https://support.norton.com/sp/en/us/home/current/solutions/v74023230_EndUserProfile_en_us eða (ii) veitt af veitanda þínum í samræmi við reglur slíks veitanda hafir þú fengið aðgang að hugbúnaðinum frá veitandanum.

Leyfissamningurinn nær yfir allar útgáfur, endurskoðanir, uppfærslur eða endurbætur á hugbúnaðinum sem Symantec kann að gera þér tiltækar. Að öðru leyti en því sem breyta má í fylgiskjölunum eru réttindi þín og skyldur samkvæmt þessum leyfissamningi hvað varðar notkun á þessum hugbúnaði eftirfarandi.

Á leyfistímanum mátt þú:
A. nota eitt eintak af hugbúnaðinum í einu tæki. Ef meiri fjöldi eintaka og/eða tækja kemur fram í fylgigögnum eða viðeigandi viðskiptaskjölum frá samþykktum dreifingaraðila, endursöluaðila eða veitanda sem veitti þér aðgang að hugbúnaðinum mátt þú nota hugbúnaðinn í samræmi við slíka lýsingu;
B. taka eitt öryggisafrit af hugbúnaðinum eða afrit til geymslu eða afrita hugbúnaðinn á harðan disk tækisins þíns og halda eftir upprunalegu eintaki til öryggis eða geymslu;
C. nota hugbúnaðinn á netkerfi, að því gefnu að þú sért með leyfi fyrir hugbúnaðinum fyrir hvert tæki sem hefur aðgang að hugbúnaðinum gegnum það netkerfi;
D. flytja fyrir fullt og allt öll réttindi til hugbúnaðarins, veitt samkvæmt þessum leyfissamningi, til annars einstaklings eða aðila, að því gefnu að þú haldir ekki eftir neinum afritum á hugbúnaðinum og að sá sem réttindin eru flutt til samþykki alla skilmála þessa leyfissamnings. Til að koma í veg fyrir vafaatriði þarft þú að yfirfæra öll réttindi þín á öllum vörum sem hluti eru af pakkatilboði, sé hugbúnaðurinn sem er fluttur hluti af slíku. Flutningur hluta réttinda þinna samkvæmt þessum leyfissamningi er ekki heimill og tilraunir til slíks skulu teljast ógildar. Ef til dæmis fylgiskjölin eða viðeigandi viðskiptaskjöl frá samþykktum dreifingaraðila, endursöluaðila eða veitanda veita þér rétt til að nota mörg eintök af hugbúnaðinum eða rétt til að setja hugbúnaðinn upp á mörgum tækjum skal eingöngu flutningur á öllum réttindum til að nota öll slík eintök og tækjauppsetningar á hugbúnaðinum teljast gildur. Til að taka af allan vafa eiga framangreind réttindi til flutnings ekki við hafir þú fengið hugbúnaðinn frá þjónustuveitanda þínum; og
E. nota hugbúnaðinn í samræmi við sérhverja aðra heimila notkun sem kann að koma fram hér á eftir.

Þú hefur leyfi til að nota hugbúnaðinn til einkanota og ekki í viðskiptalegum tilgangi. Kaup á hugbúnaðinum í viðskiptalegum tilgangi eru ekki heimil.
Þú mátt ekki, né mátt þú heimila einhverjum öðrum einstaklingi að:
A. veita undirleyfi, setja á leigu eða fjárleigu neinn hluta hugbúnaðarins;
B. vendismíða, bakþýða, sundurhluta, breyta, þýða, gera nokkra tilraun til að komast að upprunakóða hugbúnaðarins eða búa til afleidd verk á grundvelli hugbúnaðarins;
C. veita, bjóða, eða gera hugbúnaðinn aðgengileg sem hluta kerfisstjórnunar, skiptileigu, þjónustuveitu eða þjónustusamnings; eða
D. nota hugbúnaðinn á nokkurn hátt sem ekki er heimill samkvæmt þessum leyfissamningi.

Hugbúnaðurinn kann að fela í sér eiginleika og virkni þriðja aðila eða kunna að nálgast efni á vefsvæðum þriðja aðila. Slíkir eiginleikar, virkni eða efni kann að vera háð þjónustuskilmálum og persónuverndarstefnu slíks þriðja aðila.

2. Hugbúnaður og sjálfvirkar uppfærslur á efni:

A. Ekki verður boðið upp á allar útgáfur, endurskoðanir, uppfærslur, endurbætur eða eiginleika á öllum verkvöngum. Þú skalt hafa rétt til að fá nýja eiginleika og útgáfur af hugbúnaðinum eftir því sem Symantec, að eigin ákvörðun, gerir slíka eiginleika og útgáfur aðgengileg á leyfistímanum. Symantec reynir sífellt að bæta notkun og afköst vara sinna og þjónustu. Til að gera hugbúnaðinn sem bestan og til að útvega þér nýjustu útgáfu hugbúnaðarins samþykkir þú að hugbúnaðurinn megi hlaða niður og setja upp nýjar uppfærslur og útgáfur af hugbúnaðinum eftir því sem Symantec gerir þær aðgengilegar, að eigin ákvörðun. Þú samþykkir að taka á móti og leyfir Symantec að afhenda slíkar uppfærslur og útgáfur fyrir tækið þitt. Að auki er Symantec heimilt að breyta þeim skilmálum sem gilda um notkun þína á hugbúnaðinum til að endurspegla slíkar uppfærslur og útgáfur og þú samþykkir slíka uppfærða skilmála. Hafir þú ekki á annan hátt samþykkt slíkar breytingar samþykkir þú að þú ert bundin(n) endurskoðuðum skilmálum með því að halda áfram notkun þinni á hugbúnaðinum eftir að breytingarnar ganga í gildi.

B. Tiltekinn hugbúnaður notar efni sem er uppfært af og til, þar á meðal, en án takmörkunar, eftirfarandi: veiru- og þjófavarnarhugbúnaður notar uppfærðar veiruskilgreiningar; njósnavarnarhugbúnaður notar uppfærðar skilgreiningar yfir njósnaforrit; ruslpóstsvarnarhugbúnaður notar uppfærðar skilgreiningar yfir ruslpóst; efnissíur og vefveiðavarnarhugbúnaður nota uppfærða vefslóðalista; sumir eldveggir nota uppfærðar reglur um eldvegg; veikleikamatsbúnaður notar uppfærð gögn um veikleika og vefsvæðisauðkennishugbúnaður notar uppfærða lista yfir auðkennd vefsvæði; þessar uppfærslur eru sameiginlega nefndar „efnisuppfærslur“. Þú hefur rétt á að fá efnisuppfærslur fyrir hugbúnaðinn á leyfistímanum.

3. Uppsetning á vörunni; áskilin virkjun; Norton-reikningur:

A. Í uppsetningarferlinu kann hugbúnaðurinn að fjarlægja eða gera óvirkar aðrar öryggislausnir eða eiginleika slíkra lausna, séu slíkar lausnir eða eiginleikar ósamhæfir hugbúnaðinum eða í þeim tilgangi að bæta heildarvirkni hugbúnaðarins.

B. Tæknilegar ráðstafanir kunna að vera í þessum hugbúnaði, sem eru hannaðar til að koma í veg fyrir óleyfilega eða ólöglega notkun á hugbúnaðinum. Þú samþykkir að Symantec megi nýta þessar ráðstafanir til að verja Symantec fyrir ólöglegri nýtingu á hugbúnaðinum. Þessi hugbúnaður kann að innihalda fullnustutækni sem takmarkar möguleika á að setja upp og fjarlægja hugbúnaðinn í tæki við tiltekinn fjölda skipta fyrir tiltekinn fjölda tækja. Þessi leyfissamningur og hugbúnaður sem inniheldur fullnustutækni kann að krefjast virkjunar eins og frekar er tilgreint í fylgiskjölunum. Sé svo verður hugbúnaðurinn aðeins virkur í takmarkaðan tíma áður en þú virkjar hugbúnaðinn. Á meðan þú virkjar kann þess að vera krafist að þú gefir upp í gegnum internetið einkvæman virkjunarkóða í formi bók- og tölustafa, sem fylgir hugbúnaðinum og tækisstillingu, til að staðfesta að hugbúnaðurinn sé ósvikinn. Ljúkir þú ekki virkjunarferli innan þess tíma sem tekinn er fram í fylgiskjölunum eða eins og hugbúnaðurinn birtir kvaðningu um mun hugbúnaðurinn hætta að virka þar til lokið er við virkjun og þá mun virkni hugbúnaðarins hefjast á ný. Ef þú getur ekki virkjað hugbúnaðinn gegnum internetið eða með öðrum hætti sem tilgreindur er í virkjunarferlinu getur þú haft samband við annaðhvort (i) viðskiptavinaþjónustu Symantec með þeim samskiptaupplýsingum sem Symantec veitir í virkjunarferlinu, eða eins og fram kemur í kafla 7 hér á eftir, eða (ii) veitanda þinn eða þann aðila sem fram kemur í fylgiskjölunum sem þjónustuveitandinn hefur afhent þér, hafir þú fengið aðgang að hugbúnaðinum frá veitanda þínum.

C. Norton-reikningur. Gildur Symantec Norton-reikningur („Norton-reikningur“) kann að vera nauðsynlegur til að geta nálgast og notað hugbúnaðinn. Í slíku tilfelli, eigir þú ekki Norton-reikning, þarftu að ljúka viðeigandi skráningu til að búa til Norton-reikning til að geta notað hugbúnaðinn. Vera kann að Norton-reiknings sé ekki krafist hafir þú fengið rétt til notkunar á hugbúnaðinum frá veitanda sem krefst þess að þú notir annan notandareikning („veitandareikningur“) til að fá aðgang að og nota hugbúnaðinn. Lestu viðeigandi viðskiptaskjöl með veitanda þínum til að sjá hvort Norton-reiknings eða veitandareiknings sé krafist til að fá aðgang að og nota hugbúnaðinn. Það er algjörlega á þína ábyrgð að halda aðgangsorði fyrir Norton-reikninginn eða veitandareikning leyndu. Að auki, ef þú flytur öll réttindi þín fyrir hugbúnaðinn samkvæmt þessum samningi, verður þú einnig að gefa eftir aðgang þinn að, eða stjórnun á, leyfislyklinum að flutta hugbúnaðinum af Norton-reikningnum. Hafðu samband við notendaþjónustu Symantec eða farðu á þjónustusíðu Symantec sem er hér að neðan.

4. Skaðabótaskylda viðskiptavina í atvinnurekstri:

Ef þú ert neytandi eiga eftirfarandi ákvæði í þessum 4. kafla ekki við um þig nema ef, samkvæmt gildandi lögum í þinni lögsögu, ákveðin neytendaákvæði eiga við um notkun þína á hugbúnaðinum, óháð því hvort slík notkun er rekstrarlegs, viðskiptalegs eða faglegs eðlis. Lestu 5. kafla í staðinn.

Ef þú ert viðskiptavinur í atvinnurekstri (þ.e. ef þú notar hugbúnaðinn í rekstrarlegum, viðskiptalegum eða faglegum tilgangi („viðskiptavinur í atvinnurekstri“)) eiga eftirfarandi ákvæði hér í 4. kafla við um þig (óháð því hvort þú samþykkir hugbúnaðinn).

A. AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA ERU SYMANTEC EÐA LEYFISVEITENDUR ÞESS EKKI UNDIR NEINUM KRINGUMSTÆÐUM SKAÐABÓTASKYLD GAGNVART ÞÉR (Í GÁLEYSI, SAMNINGUM EÐA MEÐ ÖÐRUM HÆTTI) VEGNA TAPS Á HAGNAÐI, TEKJUM, VIÐSKIPTASAMNINGUM, VÆNTUM SPARNAÐI EÐA VEGNA TAPAÐRA EÐA GALLAÐRA GAGNA VEGNA NOTKUNAR EÐA VANGETU TIL AÐ NOTA HUGBÚNAÐINN EÐA VEGNA SÉRHVERS SÉRSTAKS, AFLEIDDS, ÓBEINS EÐA SVIPAÐS TJÓNS, JAFNVEL ÞÓ AÐ SYMANTEC HAFI FENGIÐ UPPLÝSINGAR UM MÖGULEIKA Á SLÍKU TJÓNI.

B. AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA MUN SKAÐABÓTASKYLDA SYMANTEC EÐA LEYFISVEITANDA ÞESS EKKI FARA YFIR INNKAUPAVERÐIÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR VIÐKOMANDI ÞJÓNUSTUTÍMA.

C. Symantec mun bera skaðabótaskyldu gagnvart þér án takmarkana ef (a) þú deyrð eða slasast af völdum gáleysis Symantec eða (b) ef þú hlýtur af tap eða skaða af völdum sviksamlegrar hegðunar Symantec.

5. Skaðabótaskylda gagnvart neytendum:

Sért þú neytandi á þessi kafli 5 við um þig. Lestu hann vandlega. Kafli 4 á ekki við um þig ef þú ert viðskiptavinur í atvinnulífinu. Symantec mun bera skaðabótaskyldu gagnvart þér án takmarkana ef (a) þú deyrð eða slasast af völdum gáleysis Symantec eða (b) ef þú hlýtur af tap eða skaða af völdum sviksamlegrar hegðunar Symantec.

A. Samkvæmt undanfarandi ákvæðum hér í kafla 5 ber Symantec ekki ábyrgð á að greiða þér fyrir hvert það tap sem ekki er raunhæf fyrirsjáanleg afleiðing brota Symantec á þessum leyfissamningi. Notkun þín sem neytanda á hugbúnaðinum skal ekki vera í viðskiptalegum tilgangi. Symantec skal þess vegna ekki bera skaðabótaskyldu gagnvart þér vegna taps á gróða, tekjum, viðbúnum sparnaði, samningum eða tíma sem fellur til vegna notkunar þinnar á eða vangetu til að nota hugbúnaðinn vegna meiriháttar bilunar.

B. Á þér hvílir ávallt sú skylda að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr tapi þínu.

6. Útflutningsreglur:

Þú samþykkir að hugbúnaðurinn og tengd tæknigögn og þjónusta (sameiginlega kallað „tækni undir eftirliti“) kann að falla undir bandarísk lög um innflutning og útflutning, sér í lagi bandarísku reglurnar um umsjón með útflutningi (U.S. Export Administration Regulations (EAR)) og lög hvers þess lands sem tækni undir eftirliti er flutt inn til eða endurútflutt frá. Þú samþykkir að hlíta öllum viðkomandi lögum og munt ekki flytja út nokkra tækni undir eftirliti í bága við bandarísk lög eða til nokkurs lands, aðila eða einstaklings á bannlista þar sem útflutningsleyfis eða annars samþykkis yfirvalda er krafist. Bannað er að flytja út eða endurútflytja allar vörur Symantec eru til Kúbu, Norður-Kóreu, Írans, Sýrlands og Súdans og til hvers þess lands sem fellur undir viðkomandi viðskiptabann, þ.m.t. Afganistan og Írak. **NOTKUN Á EÐA AÐGERÐIR SEM GREIÐA FYRIR NOTKUN Á VÖRU FRÁ SYMANTEC Í TENGSLUM VIÐ AÐGERÐIR SEM FELA MEÐAL ANNARS Í SÉR HÖNNUN, ÞRÓUN, SMÍÐI, ÞJÁLFUN EÐA PRÓFUN Á EFNAFRÆÐILEGUM, LÍFFRÆÐILEGUM EÐA KJARNAKLEYFUM EFNUM EÐA FLUGSKEYTUM, FLYGILDUM EÐA GEIMSKOTBÚNAÐI SEM HÆGT ER AÐ FLYTJA GJÖREYÐINGARVOPN MEÐ ER BÖNNUÐ SAMKVÆMT BANDARÍSKUM LÖGUM.**

7. Almennt:

A. Gildandi lög.

Þessi leyfissamningur fellur undir gildissvið laga í Englandi og Wales. Ekkert í þessum leyfissamningi skerðir nokkur þau réttindi sem þú kannt að hafa samkvæmt fyrirliggjandi löggjöf um neytendavernd eða öðrum gildandi lögum í þínu lögsagnarumdæmi sem ekki er hægt að afsala sér með samningi.

B. Allur samningurinn.

Þessi leyfissamningur er allur samningurinn á milli þín og Symantec hvað varðar hugbúnaðinn og: (i) leysir af hólmi fyrri eða samtíða munnleg eða skrifleg samskipti, tillögur og málflutning hvað varðar umfjöllunarefnið; og (ii) gengur framar öðrum ósamrýmanlegum eða aukalegum skilmálum í nokkru tilboði, pöntun, viðurkenningu eða sambærilegum samskiptum á milli aðilanna. Þrátt fyrir framangreint er ekkert í þessum leyfissamningi sem skerðir nokkur þau réttindi sem þú kannt að hafa samkvæmt fyrirliggjandi löggjöf um neytendavernd eða öðrum gildandi lögum í þínu lögsagnarumdæmi sem ekki er hægt að afsala sér með samningi. Symantec kann að rifta þessum leyfissamningi ef þú brýtur einhverja skilmála sem eru í leyfissamningnum (önnur brot en smávægileg eða léttvæg) og ef slík riftun á samningi verður skalt þú hætta notkun á og eyða öllum afritum af hugbúnaðinum og fylgiskjölum. Afsal ábyrgðar og takmörkun skaðabótaskyldu skulu halda gildi sínu eftir riftun.

Hafir þú einhverjar spurningar varðandi þennan leyfissamning eða ef þú vilt af einhverjum ástæðum hafa samband við Symantec skaltu skrifa til Symantec Customer Support, PO Box 5689, Dublin 15, Ireland eða fara á þjónustusíðu Symantec á www.symantec.com.

**VIÐBÓTARSKILMÁLAR.** Notkun þín á hugbúnaðinum er háð neðangreindum skilmálum auk þeirra sem fram koma hér að framan.

8.Persónuvernd; gagnavernd:

**Ef hugbúnaðurinn var foruppsettur á tækinu þínu gilda eftirfarandi feitletruð atriði fyrir þig:**

**Við upphaflega uppsetningu á tækinu og þegar vara þín frá Norton hefur virkni, munu Symantec (sjá tengiliðaupplýsingar hér að neðan) og vara þín frá Norton safna frá þér eftirfarandi gögnum:**

- **Áskriftarupplýsingum sem þú veitir;**
- **Gögnum um vélbúnað, kerfi, forrit og nettengingu sem er safnað úr tækinu, þar með talið stöðuupplýsingum um uppsetningu og virkni hugbúnaðar frá Norton;**
- **Gögnum sem varða tækja- og internetnotkun;**
- **Allar upplýsingar um foreldrastýringu og stillingar sem þú kannt að samskipa ef slíkar aðgerðir eru tiltækar í vöru þinni frá Norton.**

**Söfnun þessara gagnaflokka er nauðsynleg og ófrávíkjanleg (a) til að undirbúa niðurstöðu samnings á milli þín og Symantec, og (b) fyrir rétta virkni Norton-hugbúnaðarins sem var fyrirfram uppsettur á tækinu. Gögnin verða flutt til þeirra aðila Symantec og birgja Symantec sem tóku þátt í útgáfu á leyfislykli endanotanda og afhendingu á hugbúnaðinum. Í samræmi við gildandi kröfur og, eftir því sem við á, leiðréttingu og eyðingu á beiðnum sem þú sendir, mun Symantec varðveita safnaðar upplýsingar eins lengi og nauðsynlegt er fyrir gerð og efndir á umræddum samningsbundnum tengslum. Þú getur hvenær sem er haft samband við Symantec til að biðja um aðgang að, leiðréttingu eða eyðingu á persónuupplýsingum þínum, einnig ef og þegar við á, ná takmörkun á vinnslu þeirra, mótmæla frekari vinnslu þeirra eða ná flytjanleika þeirra. Eins og tekið er fram í þessum kafla „Persónuvernd; gagnavernd“ í samningnum, tryggir Symantec með samningsbundnum hætti og bindandi fyrirtækjaskuldbindingum sem er krafist og heimilar samkvæmt lögum, að gögnin þín eru tryggð á fullnægjandi hátt í hvert skipti sem þau eru flutt til landa eða svæða með gagnaverndarlög sem veita minni vernd en lögin í því landi eða landsvæði þar sem þú ert staðsett(ur). Finnir þú fyrir óánægju með meðhöndlun Symantec á persónuupplýsingum þínum getur þú sent inn kvörtun til Symantec eða, í aðildarríkjum Evrópusambandsins, til lögbærrar eftirlitsstofnunar. Þú finnur nánari upplýsingar um þessi réttindi og gagnaverndarhætti Symantec á persónuverndarsíðu okkar (Privacy Portal) (https://www.symantec.com/privacy) sem hægt er að fara á hvenær sem er af öllum tækjum sem eru tengd við internetið.**

**Í þessum kafla skulu tilvísanir til Symantec skiljast sem eftirfarandi:**

- **Fyrir notendur í Norður- og Suður-Ameríku, Symantec Corporation, 350 Ellis Street, P.O. Box 7011 Mountain View, CA 94043 U.S.A., sími: +1 650 527 8000, tölvupóstur: privacyteam@symantec.com;**
- **Fyrir notendur á svæðinu Evróða-Miðaustur-Afríka, þar meða talið aðildarríkjum ESB/EES: Symantec Limited, Ballycoolin Business Park, Blanchardstown, Dublin 15, Ireland, sími: +353 1 803 5400, tölvupóstur: privacyteam@symantec.com (Gagnaverndarfulltrúi ESB: Heward Mills, Fitzwilliam Hall, Fitzwilliam Place, Dublin 2, DPO@symnatec.com);**
- **Fyrir notendur á svæðinu Asía-Kyrrahaf-Japan, Symantec Singapore PTE Limited, 6 Temasek Boulevard, #21-01, Suntec Tower 4, sími: Singapore-038986, tölvupóstur: APJ_Privacy@symantec.com.**

Eftirfarandi skal gilda fyrir alla notendur:

Samkvæmt samskipunarstillingum og kjörstillingum þínum, og eftir því hvaða öryggisatburðir og áhætta finnst, kann hugbúnaðurinn og netþjónar okkar að safna ákveðnum upplýsingum úr tækinu sem hann keyrir á, þ.m.t. hugsanlegum persónugögnum, eins og:

- Sem hluti af Norton Community Watch, tækja og vöruupplýsingum, netnotkun sem tengist spillibúnaði og

hugsanlega sviksamlegum svæðum, og ferlum og forritum sem keyra þegar öryggisógnin finnst. Þessi gagnasöfnun er hvorki hönnuð til né er ætlað að safna persónuupplýsingum þínum. Symantec skal ekki meðhöndla þessi gögn á þann hátt eða í þeim tilgangi að bera meðvitað kennsl á þig, meta persónueiginleika þína, búa til persónusnið þitt eða ákvarða á neinn hátt persónulega hluti sem tengjast þér. Symantec skal grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslega ráðstafana til að gera persónuupplýsingar ópersónugreinanlegar eða fleygja þeim kunni þeim að vera safnað af tilviljun fyrir Norton Community Watch. Þessi gögn eru nauðsynleg til að bera á árangursríkan hátt kennsl á öryggisógnir á tækinu eða sem ógna því og, með gagnauppsöfnun Norton samfélagsins, veita nauðsynlegar upplýsingar til að draga úr slíkum öryggisógnum og bæta öryggi notenda og virkni tækisins, sem og að fylgjast með árangri sértækra verkefna og stillinga Norton í tækinu. Þú skilur og viðurkennir að ef þú óvirkjar söfnun upplýsinga fyrir Norton Community Watch með því að breyta sjálfgefnum stillingum tækisins kanntu að minnka getu Symantec til að bera kennsl á og draga úr öryggisógnum og að slíkt kunni að auka hættuna á slíkum ógnum fyrir tækið.

- Fjarmælingarupplýsingar um mögulegar öryggisógnir sem og vefslóðir og IP-tölur vefsíðna sem heimsóttar eru og hugbúnaðurinn telja mögulega sviksamlegar. Þrátt fyrir að þessar IP-tölur séu ekki persónuupplýsingar í sjálfu sér, kunna ákveðnar slóðir að innihalda persónupplýsingar sem mögulega sviksamlegt vefsvæði reynir að komast yfir án þíns leyfis. Symantec safnar þessum fjarmælingarupplýsingum í þeim tilgangi að útvega eiginleika hugbúnaðarins, þar með talið til að vernda þig fyrir slíkri óleyfilegri söfnun á persónuupplýsingum þínum, og einnig til að meta og bæta getu vara Symantec til að greina hættulega hegðun, mögulega sviksamleg vefsvæði og aðrar öryggisógnir á internetinu.
- Ef eiginleikarnir Norton Safe Web eða Norton Safe Search eru virkjaðir, vefslóðir og IP-tölur vefsvæða sem heimsótt eru sem og leitarorð og leitarniðurstöður aðeins ef eiginleikarnir Norton Safe Web og Norton Safe Search eru virkir. Symantec safnar þessum fjarmælingarupplýsingum í þeim tilgangi að veita þér þá vörn sem raunhæft er að búast við af þeim eiginleikum, meta og veita þér ráðgjöf varðandi mögulegar ógnir og áhættur sem kunna að tengjast tilteknu vefsvæði áður en þú skoðar það.
- Keyranlegar skrár og skrár sem innihalda keyranlegt efni (t.d. skrár sem innihalda fjölva) sem auðkennt er sem mögulegur spillibúnaður, þ.m.t. upplýsingar um þær aðgerðir sem slíkar skrár framkvæma þegar uppsetningin fer fram. Þessar skrár eru sendar til Symantec með sendingareiginleika hugbúnaðarins. Slíkan innsendingareiginleika er hægt að gera óvirkan að lokinni uppsetningu með því að fylgja leiðbeiningum í fylgiskjölunum fyrir viðkomandi vörur. Skrár sem safnað er kunna að innihalda persónuupplýsingar, einkum upplýsingar varðandi þig sem spillibúnaðurinn hefur komist yfir án þíns leyfis. Symantec safnar skrám af þessari gerð eingöngu í þeim tilgangi að bæta getu vara Symantec til að greina þær gerðir af hættulegri hegðun sem slíkur spillibúnaður sýnir og veita þér og öðrum notendum fyrsta flokks vernd gegn svipuðum ógnum síðar meir.
- Heiti gefið tækinu við upphaflega uppsetningu slíks tækis. Ef því er safnað mun Symantec nota heitið sem reikningsheiti fyrir tækið sem þú getur notað til að fá viðbótarþjónustu og/eða sem þú getur notað til að nýta þér tiltekna eiginleika hugbúnaðarins. Þú mátt breyta slíku reikningsheiti hvenær sem er eftir uppsetningu á hugbúnaðinum og mælt er með að þú gerir það.
- Upplýsingar um stöðu hvað varðar uppsetningu og virkni hugbúnaðarins. Þessar upplýsingar gefa Symantec til kynna hvort uppsetning á hugbúnaðinum hafi tekist sem og hvort villa hafi komið upp í hugbúnaðinum. Upplýsingar um stöðu gætu innihaldið persónuupplýsingar, aðeins ef slíkar upplýsingar eru í heiti skráarinnar eða möppunnar sem hugbúnaðurinn fann þegar uppsetningin fór fram eða villa kom upp. Symantec safnar upplýsingum um stöðu í þeim tilgangi að meta og bæta afköst vara Symantec og fjölga árangursríkum uppsetningum.
- Upplýsingar sem koma fram í tölvupóstskeytum sem þú sendir um hugbúnaðinn til Symantec til að tilkynna sem ruslpóst eða sem rangt skilgreindan ruslpóst. Lýsigögnin og efni slíkra tölvupóstskeyta innihalda líklega persónuupplýsingar eins og tölvupóstfang viðtakanda, og verða aðeins send til Symantec með þínu leyfi, og verða aldrei send sjálfvirkt. Ef þú sendir slík skeyti til Symantec mun Symantec aðeins nota þau í þeim tilgangi að bæta greiningarframkvæmd ruslpóstsvarnartækni

Symantec. Symantec mun ekki setja í samhengi eða tengja saman þessar skrár og aðrar persónuupplýsingar.

- Fjarmælingarupplýsingar sem koma fram í skýrslu sem þú kannt að velja að senda um hugbúnaðinn til Symantec þegar vandamál koma upp við hugbúnaðinn. Skýrslan inniheldur upplýsingar um stöðu bæði hugbúnaðarins og tækisins þíns á þeim tíma sem vandamál kom upp í hugbúnaðinum. Stöðuupplýsingar um tækið þitt kunna að fela í sér tungumál kerfisins, landskóða og útgáfur stýrikerfis fyrir tækið þitt sem og ferli í gangi, stöðu þeirra og upplýsingar um afköst og gögn úr skrám eða möppum sem voru opnar á þeim tíma sem vandamálið kom upp í hugbúnaðinum. Upplýsingarnar kunna að innihalda persónuupplýsingar ef slíkar upplýsingar eru geymdar í eða eru hluti af heiti þeirra skráa eða mappa sem voru opnar á þeim tíma þegar vandamálið kom upp í hugbúnaðinum. Þessar upplýsingar verða aðeins sendar til Symantec með þínu leyfi og verða aldrei sendar sjálfkrafa. Symantec safnar upplýsingunum aðeins í þeim tilgangi að lagfæra það vandamál sem kom upp og bæta afköst hjá vörum Symantec. Þessar upplýsingar verðar ekki settar í samhengi eða settar saman við persónuupplýsingar.
- IP-tölur og tengdar landfræðilegar upplýsingar og/eða MAC-vistfang og vélarauðkenni tækisins sem hugbúnaðurinn er keyrður á. Þessum upplýsingum er eingöngu safnað og þær unnar til að hugbúnaðurinn geti virkað rétt og í samræmi við staðbundið gildandi kröfur, en einnig vegna lögmætra leyfisveitinga Symantec.
- Á fartæki: upplýsingar sem tengjast staðsetningu tækisins ef kveikt er á þjófavörn. Myndir teknar á myndavél tækisins ef hún er tiltæk og virk. UUID (Universally Unique Identifier) sem er myndað sem auðkenning tækisins til að gera hugbúnaðinum og þjónustunni kleift að virka og í tilgangi leyfisstjórnunar.
- Á fartæki: IMEI (International Mobile Equipment Identity) er meðhöndlað til að búa til tætigildi sem tryggir nafnleynd. Tætigildið er notað til að greina og safna tækjagögnum í tölfræðilegum tilgangi. Symantec safnar hvorki né vistar IMEI-númerið. Hugbúnaðurinn fylgist einnig með breytingum á IMSI (International Mobile Subscriber Identity) til þess að geta haldið áfram að veita þjónustuna jafnvel þegar notendur skipta um SIM-kort. Symantec safnar hvorki né vistar IMSI-númerið. Ofangreindar upplýsingar eru notaðar til að bera kennsl á fjarskiptatækið sem getur tekið við efnisuppfærslum fyrir hugbúnaðinn og þjónustuna. Þessar upplýsingar verða ekki tengdar við neinar persónugreinanlegar upplýsingar á borð við upplýsingar um reikninginn þinn. Að þjónustutímanum loknum eru gögnin geymd á tölfræðilegu formi til innri rannsókna eingöngu. Symantec kann að deila þessum gögnum með verktökum (þriðja aðila) og/eða gagnavinnsluaðilum eftir þörfum fyrir reikningsstjórnun.
- Á fartæki: MAC-fang (WiFi Media Access Control) tækisins sem hugbúnaðurinn er settur upp á til að gera hugbúnaðinum kleift að virka og í tilgangi leyfisstjórnunar.
- Aðrar almennar tölfræðiupplýsingar um virkni hugbúnaðarins. Slíkar almennar tölfræðiupplýsingar auðkenna hvorki né eru notaðar af Symantec til að auðkenna þig, og þær verða unnar á uppsöfnuðu formi fyrir greinungu á vörum og umbætur á virkni vara.

Í samræmi við samskipunarstillingar og kjörstillingar þínar þar sem við á, er þeim upplýsingum sem er lýst hér að ofan safnað að því marki sem nauðsynlegt er og hlutfallslega í því skyni að afhenda, viðhalda, hafa eftirlit með og bæta stöðugt virkni hugbúnaðarins sem þessi sanmingur nær yfir.

Upplýsingar kunna að verða sendar til Symantec-samsteypunnar í Bandaríkjunum eða öðrum löndum sem kunna að hafa veikari gagnaverndarlöggjöf en á því svæði sem þú ert á (þ.m.t. Evrópusambandinu) og þær kunna að verða aðgengilegar starfsfólki og verktökum Symantec eingöngu til að nota í samræmi við framangreindan tilgang. Í sama tilgangi kunna upplýsingarnar að verða sendar til samstarfsaðila og söluaðila sem vinna úr upplýsingum fyrir hönd Symantec. Symantec hefur gripið til nauðsynlegra lagalegra, tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að tryggja að þær upplýsingar sem er safnað, séu þær sendar alþjóðlega og/eða til þriðju aðila, séu alltaf verndaðar á viðunandi hátt.

Í samræmi við gildandi lög áskilur Symantec sér rétt til að sýna samvinnu í öllum þeim málsóknum,

löggæslumálum eða öðrum rannsóknum yfirvalda sem tengjast notkun þinni á hugbúnaðinum. Það þýðir að Symantec kann að gefa upp gögn og upplýsingar sem lögleg yfirvöld biðja um, að fenginni viðeigandi tilhlýðilegri lagalegri málsmeðferð. Til að vekja til vitundar um og til greiningar og forvarna gegn öryggisógnum á internetinu kann Symantec að deila tilteknum upplýsingum með rannsóknarstofnunum og öðrum söluaðilum öryggishugbúnaðar. Symantec kann einnig að nota talnagögn sem tekin eru úr upplýsingunum til að rekja og gefa út skýrslur um nýjustu þróun öryggisógna.

Með notkun þinni á hugbúnaðinum og þjónustunni viðurkennir þú og samþykkir að Symantec megi safna, senda, geyma, birta og greina slíkar upplýsingar í slíkum tilgangi sem er lýst í altækri yfirlýsingu Symantec um persónuvernd og í Vörum og þjónustu Norton (Product and Service) sem er að finna á https://www.symantec.com/privacy.

9. Kröfur Apple Ef hugbúnaðurinn er sóttur frá Apple iTunes App Store („App Store"), viðurkennir þú og samþykkir eftirfarandi viðbótarskilmála: (a) Þessi leyfissamningur er á milli þín og Symantec og ekki Apple, Inc. („Apple") og Apple ber enga ábyrgð á forritinu og efni þess; (b) Notkun þín á hugbúnaðinum er takmörkuð við notkun á vöru með vörumerki Apple sem keyrir iOS stýrikerfið sem þú átt eða stjórnar og eins og heimilt er samkvæmt notkunarreglunum sem settar eru fram í þjónustuskilmálum App Store. (c) Apple hefur enga skyldu að veita viðhalds- og stuðningsþjónustu fyrir hugbúnaðinn; (d) ef hugsanleg bilun hugbúnaðarins fellur ekki undir gildandi ábyrgð sem hefur ekki verið hafnað, (i) getur þú sent tilkynningu til Apple, og Apple endurgreiðir kaupverðið sem var greitt í App Store fyrir hugbúnaðinn og ( ii) að því marki sem leyfilegt er samkvæmt gildandi lögum hefur Apple engar aðrar skyldur varðandi hugbúnaðinn; (e) Apple ber ekki ábyrgð á kröfum, tjóni, ábyrgðum, skemmdum, kostnaði eða útgjöldum vegna hugbúnaðarins eða eignar þinnar og/eða notkunar á hugbúnaðinum, þ.m.t. en ekki takmarkað við (i) skaðsemisábyrgð eða ábyrgðarkröfur; (ii) einhverja kröfu um að hugbúnaðurinn uppfylli ekki gildandi lög eða reglugerðir og (iii) neytendavernd eða svipaðar kröfur; (f) Apple ber ekki ábyrgð á því að rannsaka, verja, leysa eða losa kröfur þriðja aðila um að hugbúnaðurinn eða eignarhald og notkun hugbúnaðarins brjóti í bága við hugverkarétt þriðja aðila; (g) Þú ábyrgist og tryggir að (i) Þú ert ekki staðsett(ur) í landi sem bandarísk stjórnvöld hafa sett viðskiptabann á eða sem bandarísk yfirvöld hafa tiltekið sem land sem „styður við hryðjuverk" og (ii) Þú ert ekki skráð(ur) á lista bandaríska stjórnvalda um óheimila aðila eða aðila sem lúta takmörkunum; (h) þú berð ábyrgð á að uppfylla sérhverja viðeigandi skilmála þriðja aðila þegar þú notar forritið; og (i) Apple og dótturfélög þess eru þriðju aðilar þessa leyfissamnings; Apple, sem þriðji aðili, hefur rétt til að framfylgja þessum leyfissamningi gagnvart þér.

## ÞJÓNUSTUVIÐBÓT VIÐ LEYFISSAMNING NORTON

## SKILMÁLAR FYRIR VIÐBÓTARÞJÓNUSTA

## 1. ÖRYGGISAFRIT Á NETINU; TÆKNIAÐSTOÐ; SJÁLFVIRKA ENDURNÝJUN; ENDURGREIÐSLUÁBYRGÐ

**MIKILVÆGT:** VINSAMLEGAST LESTU SKILMÁLA ÞESSA ÞJÓNUSTUSAMNINGS („ÞJÓNUSTUSAMNINGURINN") VANDLEGA ÁÐUR EN ÞÚ NOTAR HUGBÚNAÐINN (SAMKVÆMT SKILGREININGU HÉR AÐ NEÐAN). SYMANTEC CORPORATION OG HLUTDEILDARFÉLÖG ÞESS („SYMANTEC"), MUN VEITA ÞÉR ÞJÓNUSTUNA SEM ÞEIM EINSTAKLINGI, FYRIRTÆKI EÐA LÖGAÐILA SEM MUN NÝTA SÉR ÞJÓNUSTUNA (SEM VÍSAÐ ER TIL HÉR FYRIR NEÐAN SEM „ÞÚ" EÐA „ÞINN") AÐEINS MEÐ ÞVÍ SKILYRÐI AÐ ÞÚ SAMÞYKKIR ALLA SKILMÁLA ÞESSA ÞJÓNUSTUSAMNINGS. ÞETTA ER LAGALEGUR OG FRAMFYLGJANLEGUR SAMNINGUR Á MILLI ÞÍN OG SYMANTEC. MEÐ ÞVÍ AÐ OPNA

ÞESSAR UMBÚÐIR, RJÚFA INNSIGLI, SMELLA Á HNAPPINN „ÉG SAMÞYKKI“ EÐA „JÁ“ EÐA Á ANNAN HÁTT GEFA TIL KYNNA SAMÞYKKI ÞITT Á RAFRÆNAN HÁTT EÐA Á ANNAN HÁTT NOTA ÞJÓNUSTUNA, SAMÞYKKIR ÞÚ SKILMÁLA ÞESSA ÞJÓNUSTUSAMNINGS. EF ÞÚ SAMÞYKKIR ÞESSA SKILMÁLA EKKI SKALTU SMELLA Á HNAPPINN „HÆTTA VIÐ“ EÐA „NEI“ EÐA „LOKA GLUGGA“ EÐA Á ANNAN HÁTT GEFA TIL KYNNA SYNJUN, EKKI NOTA ÞJÓNUSTUNA FREKAR OG HAFA SAMBAND VIÐ (i) SÖLUAÐILA EÐA NOTENDAÞJÓNUSTU SYMANTEC, OG NOTA TIL ÞESS SAMSKIPTAUPPLÝSINGAR Í KAFLA 12 Í ÞESSUM ÞJÓNUSTUSAMNINGI, TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM HVERNIG ÞÚ FÆRÐ ENDURGREIDDA ÞÁ UPPHÆÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR NÚGILDANDI ÞJÓNUSTU EF EINHVER ER (SKILGREINT HÉR AÐ NEÐAN) (MINNI FLUTNINGAR, AFGREIÐSLA OG ALLIR VIÐEIGANDI SKATTAR FYRIR UTAN ÁKVEÐIN FYLKI OG LÖND ÞAR SEM FLUTNINGUR, AFGREIÐSLA OG SKATTAR ERU ENDURGREIÐANLEGIR) HVENÆR SEM ER INNAN SEXTÍU (60) DAGA FRÁ KAUPUM Á ÁRSÁSKRIFT EÐA INNAN ÞRJÁTÍU (30) DAGA FRÁ KAUPUM Á MÁNAÐARÁSKRIFT, EÐA (ii) VEITANDA ÞINN (SKILGREINDUR HÉR AÐ NEÐAN) TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM HVERNIG ÞÚ FÆRÐ ENDURGREIÐSLU HAFIR ÞÚ FENGIÐ AÐGANG AÐ ÞJÓNUSTUNNI FRÁ VEITANDA ÞÍNUM.

Samkvæmt þessum þjónustusamningi samþykkir Symantec að veita þér eftirfarandi þjónustu („þjónustu“) eins og ítarlega er lýst í þessum þjónustusamningi:

1. Takmarkanir á þjónustu. Þú hefur einungis leyfi til að kaupa þjónustuna til einkanota og ekki í viðskiptalegum tilgangi. Öll kaup til endursölu eru óheimil. Þú mátt ekki, né mátt þú heimila einhverjum öðrum einstaklingi að:
A. veita undirleyfi, setja á leigu eða fjárleigu neinn hluta þjónustunnar;
B. vendismíða, bakþýða, sundurhluta, breyta, þýða, gera nokkra tilraun til að komast að upprunakóða þjónustunnar eða búa til afleidd verk á grundvelli þjónustunnar;
C. veita, bjóða, eða gera þjónustuna aðgengilega sem hluta kerfisstjórnunar, skiptileigu, þjónustuveitu eða þjónustusamnings; eða
D. nota þjónustuna á nokkurn hátt sem ekki er heimill samkvæmt þessum þjónustusamningi eða lögum.

Þjónustan kann að fela í sér eiginleika og virkni þriðja aðila eða kann að nálgast efni á vefsvæðum þriðja aðila. Slíkir eiginleikar, virkni eða efni kann að vera háð þjónustuskilmálum og persónuverndarstefnu slíks þriðja aðila.

2. Þjónustutímabil.

„Þjónustutími“ skal hefjast (a) á þeim degi sem þú setur fyrst upp eða notar fyrst hugbúnaðinn í tölvu, sýndarumhverfi, farsíma eða fartæki („tæki“), eða (b) á þeim degi sem þú samþykktir þennan þjónustusamning, eða (c) hafir þú keypt hugbúnaðinn eða þjónustuna í netverslun Norton, á þeim degi sem þú gerðir kaupin, eða (d) hafir þú fengið þjónustuna sem hluta af pakkatilboði, á þeim degi sem kaupum þínum á slíku pakkatilboði er lokið, eða (e) hafir þú fengið rétt til afnota á þjónustunni eins og lýst er í þessum þjónustusamningi frá samþykktum veitanda Symantec („veitanda“), á þeim degi sem slíkur þjónustuveitandi ákveður, hvert þessara atriða sem á sér stað fyrst.Þjónustutíminn skal vara það tímabil sem tilgreint er í fylgiskjölum eða viðeigandi viðskiptaskjölum frá samþykktum dreifingaraðila, endursöluaðila eða veitanda sem þú fékkst þjónustuna frá. Þjónustan kann að hætta virkni sjálfkrafa og verða ónothæf í lok þjónustutímans og þú munt ekki hafa rétt á þjónustunni nema þjónustutíminn sé endurnýjaður.Áskrift fyrir endurnýjun á þjónustutíma verður (i) tiltæk í samræmi við þjónustureglur Symantec sem birtar eru á https://support.norton.com/sp/en/us/home/current/solutions/v74023230_EndUserProfile_en_useða (ii) veitt af veitanda þínum í samræmi við reglur slíks veitanda hafir þú fengið aðgang að þjónustunni frá veitandanum.

3. Sjálfvirkar uppfærslur á efni:

A. Þú skalt hafa rétt til að fá nýja eiginleika og útgáfur af þjónustunni eftir því sem Symantec, að eigin ákvörðun, gerir slíka eiginleika og útgáfur aðgengileg á þjónustutímanum þínum. Symantec reynir sífellt að bæta notkun og afköst vara sinna og þjónustu. Til að gera þjónustuna sem besta og til að útvega þér nýjustu útgáfu þjónustunnar samþykkir þú að þjónustunni megi vera breytt af Symantec, að eigin ákvörðun. Þú samþykkir að taka á móti og leyfir Symantec að afhenda slíkar uppfærslur og útgáfur fyrir þig. Að auki er Symantec heimilt að breyta þeim skilmálum sem gilda um notkun þína á þjónustunni til að endurspegla slíkar uppfærslur og útgáfur og þú samþykkir

slíka uppfærða skilmála. Hafir þú ekki á annan hátt samþykkt slíkar breytingar, samþykkir þú að þú sért bundin(n) af endurskoðuðum skilmálum með því að halda áfram notkun þinni á þjónustunni eftir að breytingarnar taka gildi.

4. Áskilin virkjun; Norton-reikningur:

A. Tæknilegar ráðstafanir kunna að vera í þessari þjónustu, sem eru hannaðar til að koma í veg fyrir óleyfilega eða ólöglega notkun á þjónustunni. Þú samþykkir að Symantec megi nýta þessar ráðstafanir til að verja Symantec fyrir ólöglegri nýtingu á þjónustunni. Þessi þjónustusamningur og þjónusta sem inniheldur fullnustutækni kann að krefjast virkjunar eins og frekar er tilgreint í fylgiskjölunum. Sé svo verður þjónustan aðeins virk í takmarkaðan tíma áður en þú virkjar þjónustuna. Ljúkir þú ekki virkjunarferli innan þess tíma sem tekinn er fram í fylgiskjölunum eða eins og þjónustan birta kvaðningu um kann þjónustan að hætta að virka þar til lokið er við virkjun og þá mun virkni þjónustunnar hefjast á ný. Ef þú getur ekki virkjað þjónustuna gegnum internetið eða með öðrum hætti sem tilgreindur er í virkjunarferlinu getur þú haft samband við annaðhvort (i) viðskiptavinaþjónustu Symantec með þeim samskiptaupplýsingum sem Symantec veitir, eða eins og fram kemur í kafla 12 hér á eftir, eða (ii) veitanda þinn eða þann aðila sem fram kemur í fylgiskjölunum sem veitandinn hefur afhent þér, hafir þú fengið aðgang að þjónustunni frá veitanda þínum.

B. Norton-reikningur. Gildur Symantec Norton-reikningur (Norton-reikningur) kann að vera nauðsynlegur til að geta nálgast og notað þjónustuna. Í slíku tilfelli, eigir þú ekki Norton-reikning, þarftu að ljúka viðeigandi skráningu til að búa til Norton-reikning til að geta notað þjónustuna. Vera kann að Norton-reiknings sé ekki krafist hafir þú fengið rétt til notkunar á þjónustunni frá veitanda sem krefst þess að þú notir annan notandareikning („veitandareikningur“) til að fá aðgang að og nota þjónustuna. Lestu viðeigandi viðskiptaskjöl með veitanda þínum til að sjá hvort Norton-reiknings eða veitandareiknings sé krafist til að fá aðgang að og nota þjónustuna. Það er algjörlega á þína ábyrgð að halda aðgangsorði fyrir Norton-reikninginn eða veitandareikning leyndu. Að auki, ef þú flytur öll réttindi þín fyrir þjónustuna samkvæmt þessum samningi, verður þú einnig að gefa eftir aðgang þinn að, eða stjórnun á, fluttu þjónustunni af Norton-reikningnum. Hafðu samband við notendaþjónustu Symantec eða farðu á þjónustusíðu Symantec sem er hér að neðan.

5. Örugg leit og öryggisafritun:

Örugg leit. Þjónustan kann að innihalda eiginleika fyrir örugga leit sem gerir þér kleift að leita á internetinu með öruggum hætti. Þetta kann að vera í boði í gegnum, án þess að það takmarkist við það, leitarstiku Symantec eða vafraviðbót.

Öryggisafrit á netinu.

Hugbúnaðurinn kann að innihalda eiginleika til að taka öryggisafrit á netinu, sem gerir þér kleift að geyma og sækja gögnin þín í kerfi Symantec í gegnum internetið á þjónustutímanum („öryggisafritun á netinu“) háð því geymslurými sem fylgir hugbúnaðinum og/eða sem þú getur keypt aukalega. Ef þú velur að nota öryggisafritun á netinu þarftu að ljúka virkjunarferlinu innan hugbúnaðarins fyrir slíkan eiginleika.

a. Framboð. Öryggisafritun er í boði „eins og hún er“ og „eftir framboði“ og Symantec ber ekki ábyrgð á að greiða þér vegna nokkurs taps eða skemmda sem orsakast af því að öryggisafritun liggur mögulega niðri sökum eðlilegs áætlaðs viðhalds, viðhalds vegna mikilvægra þátta eða hluta sem ekki eru á valdi Symantec.

b. Notendahegðun og ábyrgð; fylgni við gildandi lög. Notkun á öryggisafritun (þar með taldar allar sendingar á gögnum sem þú kýst að geyma með öryggisafritun („gögn“)) skal fylgja öllum gildandi lögum og reglugerðum, hvort sem um ræðir lögreglusamþykktir, lög ríkis eða lands eða alþjóðleg lög, þar með talin, án þess að það takmarkist við, bandarísk útflutningslög. Þú samþykkir að fara eftir öllum þeim lögum og reglugerðum sem gilda og fara eftir því sem tiltekið er sérstaklega í fylgiskjölunum eða viðkomandi viðskiptaskjölum frá samþykktum dreifingaraðila, endursöluaðila eða veitanda, sem þú fékkst þjónustuna frá, og að (i) nota ekki öryggisafritun fyrir ólöglegar aðgerðir, (ii) senda ekki né geyma efni sem kann að brjóta á höfundarrétti eða öðrum rétti þriðja aðila né neitt ólöglegt, tjónvaldandi, niðrandi eða ærumeiðandi efni né neitt efni sem brýtur á friðhelgi einkalífs annarra; (iii) senda hvorki né geyma gögn sem tilheyra öðrum án þess að afla fyrst alls þess samþykkis sem ber að afla samkvæmt lögum frá eigendum gagnanna fyrir því að flytja gögnin til Symantec til að geyma innan Bandaríkjanna;

(iv) senda ekki neitt efni sem inniheldur hugbúnaðarvírusa eða aðra skaðlega tölvukóða, skrár eða forrit á borð við trójuhesta, orma eða tímasprengjur; (v) trufla hvorki né rjúfa netþjóna eða net sem tengd eru við öryggisafritun; eða (vi) reyna ekki að öðlast ólöglegan aðgang að öryggisafritun né að aðgangi annarra notenda öryggisafritunar, eða tölvukerfa eða neta sem tengd eru öryggisafritun.

Skyldur þínar í þessum hluta varðandi notkun á öryggisafritun eiga við um alla notkun á öryggisafritun í tengslum við Norton-reikninginn þinn. Aðeins þú berð ábyrgð á notkun þinni á öryggisafritun og gögnum sem send eru í gegnum eða geymd með öryggisafritun, í tengslum við Norton-reikninginn.

Að þeirri hámarksupphæð sem leyfð er í viðeigandi lögum þá samþykkir þú að greiða Symantec, móðurfyrirtækjum, dótturfyrirtækjum, samstarfsaðilum, yfirmönnum, stjórnendum, starfsmönnum og umboðsmönnum þess þá upphæð sem kveðið er á um í öllum kröfum, kröfugerðum, kostnaði, tjóni, tapi, ábyrgð og gjöldum, að meðtöldum sanngjörnum lögfræðikostnaði, sem þriðji aðili leggur fram og koma upp vegna eða í tengslum við notkun á öryggisafritun í gegnum Norton-reikninginn þinn að því marki sem slíkar kröfur, kröfugerðir, kostnaður, tjón, tap, ábyrgð og gjöld koma upp vegna brota þinna á þessum leyfissamningi, vanrækslu þinnar eða viljandi misferlis. Slíkar upphæðir kunna að fela í sér, en eru ekki takmarkaðar við, skyldu til að borga allar slíkar kröfur, kröfugerðir, kostnað, tjón, tap, ábyrgð og gjöld sem koma upp vegna, eða í tengslum við, gögn sem send eru eða geymd með öryggisafritun sem tengd er við Norton-reikninginn þinn.

c. Riftun; tímabundin lokun. Réttur þinn til að nota öryggisafritun fellur úr gildi að þjónustutímanum liðnum. Symantec getur lagt niður öryggisafritun tímabundið eða endanlega á þjónustutímanum ef þú hefur ekki staðið við skuldbindingar þínar eða ef Symantec hefur réttmæta ástæðu til að ætla að þú hafir ekki staðið við þessa skilmála (að undanskildum léttvægum eða ómerkilegum brotum) eða vegna annarrar misnotkunar á öryggisafritun. Í kjölfar þess að þjónustutími rennur út eða honum er lokið:
Symantec getur eytt endanlega öllum gögnum sem geymd eru á svæði öryggisafritunar sem fylgdi með hugbúnaðinum og þjónustunni;
Symantec ber ekki skylda til að geyma slík gögn, framsenda slík gögn til þín eða þriðja aðila eða færa slík gögn yfir á aðra afritunarþjónustu eða reikning; og
Þú munt ekki geta geymt gögnin á neinu öðru svæði fyrir öryggisafritun sem þú kannt að hafa keypt aukalega nema og þar til þjónustutíminn er endurnýjaður.

d. Ýmislegt. Symantec ber engin skylda til að fylgjast með notkun öryggisafritunar né gögnum sem send eru eða geymd með öryggisafritun. Að því marki sem gildandi lög heimila, og þrátt fyrir ákvæði í kafla 10 hér á eftir, áskilur Symantec sér rétt til þess að fylgjast með, endurskoða, varðveita eða birta öll gögn eða aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fara eftir öllum viðeigandi lögum, reglugerðum, málarekstri eða beiðnum frá yfirvöldum, eða til að rannsaka alla notkun eða grun um brot á þessum leyfissamningi.

6. Tækniaðstoð:

Tilteknir eiginleikar fyrir tækniaðstoð kunna að vera í boði með hugbúnaðinum, sem kann að innihalda spjall í rauntíma við tækniráðgjafa og/eða aðstoð frá tækniráðgjafa í gegnum fjartölvubúnað (öll slík tækniaðstoð sem boðið er upp á innan hugbúnaðarins skal í þessu þjónustusamningi nefnast „tækniaðstoð“). Ef boðið er upp á einhverja slíka eiginleika og þú kýst að nota slíka tækniaðstoð skulu eftirfarandi skilmálar gilda. Öll slík tækniaðstoð skal veitt samkvæmt eigin ákvörðun Symantec án nokkurrar tryggingar eða ábyrgðar af neinu tagi öðru en því sem neytendalöggjöf í þinni lögsögu kveður á um, sem ekki er hægt að útiloka né takmarka á neinn hátt. Það er alfarið á þína ábyrgð að ljúka því að taka öryggisafrit af öllum þínum gögnum, hugbúnaði og forritum áður en þú færð tækniaðstoð. Á meðan á tækniaðstoð er veitt getur Symantec ákveðið að tæknivandamálið falli ekki undir tækniaðstoðina. Symantec áskilur sér rétt til að neita, fresta eða binda enda á alla tækniaðstoð að eigin ákvörðun.

7. Sjálfvirk endurnýjun Norton:

Norton-áskriftin þín felur í sér sjálfvirka endurnýjun. Að þjónustutímanum liðnum verður þjónustan endurnýjuð og sjálfkrafa verður gjaldfært af greiðslumáta þínum það endurnýjunargjald sem er í gildi hverju sinni (auk þeirra skatta sem eiga við), án þess að þú þurfir að grípa til neinna aðgerða. Eftir að þú hefur keypt þjónustuna getur

þú breytt áskriftarstillingum þínum hvenær sem er, þar á meðal hætt við sjálfvirka endurnýjun, á manage.norton.com. Hægt er að fá gjöld fyrir árlega sjálfvirka endurnýjun endurgreidd innan sextíu (60) daga frá kaupdegi endurnýjunar. Kynntu þér reglur Norton um skil til að fá frekari upplýsingar um endurgreiðslur fyrir vörur frá Norton.

8. Þjónusta VPN-nets (Virtual Private Network)

Þjónustan getur innihaldið VPN-eiginleika („VPN-þjónusta“). VPN-þjónustan er internetstýring og kann að innihalda biðlarahugbúnað sem er uppsettur á tækinu þínu sem á samskipti við Symantec-netþjóna (eða netþjóna sem tilheyra þriðja aðila sem er verktaki Symantec) sem leyfa þér að búa til sýndartengingu. Öll þjónustan eða hluti hennar sem tiltekin er hér að neðan getur verið veitt af þriðja aðila, þ.m.t. en ekki takmarkað við grunnkerfi netsins. Biðlarahugbúnaðurinn á tækinu tengist grunnkerfi netþjóns á netinu og er rekinn sem stýrð þjónusta af Symantec og öðrum þjónustuveitum. Notkun þín á biðlarahugbúnaðinum fellur undir leyfissamninginn.

A. Ásættanleg notkun.

(i) Þú berð ábyrgð á því að viðhalda og verja trúnað allra upplýsinga tengdum Norton-reikningum sem þú veitir og berð að fullu ábyrgð á öllum aðgerðum sem eiga sér stað á slíkum Norton-reikningum (að undanskildum aðgerðum sem Symantec framkvæmir eða hefur gefið leyfi fyrir).

(ii) Þú skalt ein(n) bera ábyrgð á notkun þinni tengdri þjónustunni. Þú samþykkir sérstaklega að þú fylgir reglum Symantec og leitast við að fylgja og/eða hindra hugsanleg brot á DMCA-höfundarréttarlögunum (Digital Millennium Copyright Act) og annari álíka löggjöf sem notkun þín fellur undir, á borð við innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu innan Evrópusambandsins. Í Bretlandi má finna þetta í lögum um höfundarrétt, hönnun og einkaleyfi frá 1988 (Copyright, Designs and Patents Act).

Þú samþykkir einnig að þú munir ekki nota þjónustuna:

a. í bága við gildandi lög eða reglugerðir eða til að stuðla að broti á viðeigandi lögum eða reglugerðum;

b. til að hlaða upp, birta eða flytja á annan hátt efni sem er klúrt, ósiðlegt eða klámfengið eða sem er á annan hátt óþægilegt;

c. á sviksamlegan eða villandi hátt;

d. til að hlaða upp, birta eða flytja á annan hátt efni sem þú átt ekki rétt á eða sem á annan hátt brýtur í bága við hugverkarétt einhvers aðila;

e. á hátt sem brýtur eða fer gegn persónuvernd, hugverkarétti, trúnaði, samningsbundnum réttindum eða öðrum réttindum;

f. á hátt sem brýtur eða fer gegn samþykktri notkun eða annarri stefnu eða skilmálum sem kunna að gilda um notkun þína á tölvukerfi, neti eða vefsvæði;

g. til að ófrægja, misnota, áreita, leggja í einelti, ógna eða brjóta gegn lagalegum réttindum annarra eða grípa til aðgerða sem fara gegn persónuverndarréttindum annarra;

h. til að hlaða upp, birta eða flytja á annan hátt efni sem inniheldur vírusa eða annan skaðlegan tölvukóða eða skrár á borð við trójuhesta, orma, tímasprengjur eða þess háttar;

i. til að hlaða upp, birta eða flytja á annan hátt óumbeðnar eða óleyfilegar auglýsingar, kynningarefni, „ruslpóst“, „spam“, „keðjubréf“, „píramídaefni“ eða aðrar gerðir af beiðni;

j. til að reyna að fá óheimilan aðgang að þjónustunni, reikningum annarra notenda þjónustunnar eða tölvukerfa eða neta sem tengjast þjónustunni; eða að öðru leyti eiga við eða trufla þjónustuna eða netþjóna eða netkerfi sem tengjast þjónustunni;

k. til að eyða höfundarrétti eða öðrum eignarrétti á hugbúnaðinum eða þjónustunni;

l. til að nota þjónustuna eða hugbúnaðinn í hvers kyns viðskiptalegum tilgangi, enda er viðurkennt að hugbúnaðurinn og þjónustan séu eingöngu ætluð til einkanota og ekki í viðskiptalegum tilgangi.

m. til að fjarlægja, sniðganga, óvirkja, skemma eða á annan hátt trufla öryggistengda eiginleika hugbúnaðarins eða þjónustunnar, eiginleika sem koma í veg fyrir eða takmarka notkun eða afritun hugbúnaðarins eða eiginleika sem framfylgja takmörkunum á notkun þjónustunnar;

n. til að bakhanna, bakþýða eða með öðrum hætti reyna að komast að frumkóða þjónustunnar eða hugbúnaðarins eða hluta þeirra, nema og aðeins að því marki sem slíkar aðgerðir séu skýrt heimilar samkvæmt viðeigandi lögum þrátt fyrir þessar takmarkanir;

o. til að breyta, aðlaga, þýða eða búa til afleidd verk sem byggja á hugbúnaðinum eða þjónustunni eða hluta þeirra, nema og aðeins að því marki sem framangreind takmörkun er sérstaklega bönnuð samkvæmt gildandi lögum; eða

Þú skilur að, þrátt fyrir viðleitni Symantec og skilmála þessa þjónustusamnings, kunnir þú að sjá efni sem þér finnst móðgandi, ósæmilegt eða óþægilegt þegar þú notar VPN-þjónustuna og því er notkun þín á VPN-þjónustunni á þína ábyrgð sjáirðu slíkt efni.

(iii). Breytingar á VPN-þjónustunni; Breytingar á skilmálum VPN-þjónustu. Þú skalt hafa rétt til að fá nýja eiginleika VPN-þjónustunnar eftir því sem Symantec, að eigin ákvörðun, gerir slíka eiginleika aðgengilega á þjónustutímanum þínum. Symantec reynir sífellt að bæta notkun og afköst þjónustu sinnar. Til þess að fínstilla VPN-þjónustuna kann Symantec, að eigin ákvörðun: (i) að bæta við, breyta eða fjarlægja eiginleika VPN-þjónustunnar, eða (ii) takmarka tímabundið notkun VPN-þjónustunnar eða takmarka framboð hennar vegna viðhalds hvenær sem er með eða án tilkynningar til þín. Symantec kann einnig að uppfæra skilmála þessa þjónustusamnings og mælir með því að þú skoðir skilmála þessa þjónustusamnings reglulega til að sjá hvort þeir hafi verið uppfærðir. Áframhaldandi notkun þín á VPN-þjónustunni telst vera staðfesting þín á uppfærðum skilmálum þessa þjónustusamnings.

(iv). Riftun og afturköllun. Réttur þinn til að nota VPN-þjónustuna fellur úr gildi að þjónustutímabilinu loknu. Að auki getur Symantec að eigin vali strax frestað eða sagt upp notkun þinni á VPN-þjónustunni hvenær sem er með eða án fyrirvara ef þú brýtur gegn eða Symantec hefur raunhæfa ástæða til að telja að þú hafir brotið gegn skilmálum þessa þjónustusamnings, eða ef notkun þín á VPN-þjónustunni hefur í för með sér lagalega ábyrgð Symantec eða hún truflar notkun annarra á VPN-þjónustunni (í því tilviki mun endurgreiðsla ekki eiga sér stað).

9. Endurgreiðsluábyrgð:

Ef þú ert upprunalegur leyfishafi hugbúnaðarins og þjónustunnar og ert ekki algjörlega sátt(ur) við þau af einhverjum ástæðum skaltu ekki nota hugbúnaðinn eða þjónustuna frekar og hafa samband við (i) samþykktan endursöluaðila sem seldi þér hugbúnaðinn og þjónustuna, eða (ii) samþykktan endursöluaðila sem seldi þér tækið sem inniheldur hugbúnaðinn og þjónustuna fyrirfram uppsett á tækinu, hafir þú fengið aðgang að hugbúnaðinum og þjónustunni sem hluta af pakkatilboði, eða (iii) notendaþjónustu Symantec. Notaðu þær samskiptaupplýsingar sem koma fram í 12. kafla í þessum þjónustusamningi til að fá upplýsingar um hvernig þú færð endurgreiðslu á þeirri upphæð sem þú greiddir fyrir núgildandi þjónustutímabil (minni flutningar, afgreiðsla og allir viðeigandi skattar fyrir utan ákveðin fylki og lönd þar sem flutningur, afgreiðsla og skattar eru endurgreiðanlegir) hvenær sem er á sextíu (60) daga tímabili frá kaupum á ársáskrift, innan sextíu (60) daga frá sjálfvirkri endurnýjun á ársáskrift eða innan þrjátíu (30) daga frá kaupum á mánaðarlegri áskrift („endurgreiðslan“).

Til að taka af allan vafa á endurgreiðsla ekki við hafir þú fengið hugbúnaðinn og þjónustuna frá veitanda okkar. Auk þess á endurgreiðsla ekki við um endurkaup á sömu vöru Norton sem hefur þegar verið keypt og endurgreidd.

10. Persónuvernd; gagnavernd

(a) Þegar þú notar þjónustuna mun persónuverndarstefna Symantec, sem má nálgast undir tenglinum „Persónuverndarstefna“ gilda.

(b) Gagnasöfnun VPN-þjónustu; Persónuverndarreglugerðir. Symantec kann að safna og halda, birta, flytja og á annan hátt meðhöndla tiltekin gögn þín í tengslum við notkun þína á VPN-þjónustunni. Þessi gögn geta innihaldið, en takmarkast ekki við, persónuupplýsingar um þig, tæki þín eða kerfi eða notkun þína á þjónustunni, á borð við áskriftarupplýsingar og farsímagögn, uppsafnaða bandbreiddarnotkun og tímabundin notkunargögn. Söfnun þessara gagna er nauðsynleg til að (a) virkja, fínstilla og veita þjónustuna eða viðhalda/veita þér stuðning (og Symantec getur fengið þriðja aðila til að gera það líka); (b) skilja vörunotkun og bæta upplifun notenda innan vara og þjónustu almennt; og (c) fyrir reikningagerð, netrekstur og stuðning. Með því að setja upp og/eða nota þjónustuna samþykkir þú að leyfa Symantec að safna persónuupplýsingum eins og lýst er í þessum hluta.

(c) Þegar þú biður um tæknilega þjónustu verður eftirfarandi upplýsingum safnað og þær sendar úr tækinu til Symantec í gegnum internettengingu:

- Þeim upplýsingum sem þú veittir þjónustufulltrúa Symantec í síma eða slóst inn í netviðmót Symantec þegar þú baðst um þjónustuna; og
- Tegund og útgáfu þess stýrikerfis og vafra sem tækið notar.

Á meðan þjónustunni stendur og ef stuðningsforrit er uppsett, getur stuðningsforritið safnað eftirfarandi upplýsingum og sent til Symantec um örugga tengingu:

- Fjölda skannaðra skráa, fundinna ógna og ógna sem stuðningsforritið lagaði;
- Hvaða gerðir ógna fundust;
- Fjölda og gerð eftirstandandi ógna sem stuðningsforritið lagaði ekki;
- Hvort eldveggur sé virkur;
- Hvort veiruförgunarbúnaður hafi verið settur upp, sé í keyrslu og nýuppfært;
- Vafraupplýsingar, þar með talið öryggis- og tímabundnar skráarstillingar;
- Kerfisupplýsingar í tengslum við stýrikerfið, minnið og diskapláss, staðfestingu á umboði og skráarsafnslista fyrir stuðningsforritið;
- Öryggisstöðunni (góð/viðunandi/lág) í tækinu eins og stuðningsforritið segir til um;
- Upplýsingar um uppsett forrit og virka ferla; og
- Upplýsingar um kladdaskrá forritsins og skráningargögn.

(d) Auk þess verða öll gögn sem þú velur að senda eða geymir með öryggisafritun (ef hún er tiltæk) flutt til og geymd á þjónum sem staðsettir eru í löndum sem kunna að hafa veikari gagnaverndarlöggjöf en í því landi sem þú ert (þar á meðal án þess að það takmarkist við Bandaríkin). Þessir þjónar eru í rekstri þriðja aðila sem Symantec hefur gert við löglegan samning um að verja gögnin þín. Hafir þú spurningar um hvernig farið er með gögnin þín skaltu hafa samband við notendaþjónustu Symantec með þeim samskiptaupplýsingum sem koma fram í kafla [12] „Almennt“.

Allar ofangreindar upplýsingar sem var safnað eru nauðsynlegar til að afhenda þjónustuna, þar með talið sundurgreiningu, greiningu, lausn á því vandamáli sem kom upp og hámörkun á virkni vara og þjónustu Symantec. Upplýsingarnar kunna að verða sendar til Symantec-samsteypunnar í Bandaríkjunum eða öðrum

löndum sem kunna að hafa veikari gagnaverndarlöggjöf en á því svæði sem þú ert á (þ.m.t. Evrópusambandinu) en Symantec hefur gripið til ráðstafana svo að þær upplýsingar sem er safnað, séu þær sendar, séu verndaðar á viðunandi hátt.

Symantec kann að birta upplýsingarnar sem er safnað ef opinber löggæslumaður biður um það eins og krafist er eða heimilað af lögum eða sem svar við kvaðningu eða annarri málssókn. Til að vekja til vitundar um og til greiningar og forvarna gegn öryggisógnum á internetinu kann Symantec að deila tilteknum upplýsingum með rannsóknarstofnunum og öðrum söluaðilum öryggishugbúnaðar. Symantec kann einnig að nota talnagögn sem tekin eru úr upplýsingunum til að rekja og gefa út skýrslur um nýjustu þróun öryggisógna.

Allar upplýsingar um persónuverndarstefnu Symantec er að finna hér: https://www.symantec.com/privacy

11. Aðrar mikilvægar upplýsingar

11.1. Afsal ábyrgðar.

**Fyrir viðskiptavini í atvinnurekstri**

AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA (i) ER OFANGREIND ÁBYRGÐ EINGILD OG KEMUR Í STAÐ ALLRA ANNARRA ÁBYRGÐA, HVORT SEM LÁTIÐ ER AÐ ÞVÍ LIGGJA EÐA ÞAÐ GEFIÐ Í SKYN, ÞAR MEÐ TALIÐ ÓBEINAR ÁBYRGÐIR Á FULLNÆGJANDI GÆÐUM OG HÆFNI FYRIR ÁKVEÐINN TILGANG OG (ii) SYMANTEC VEITIR ENGA ÁBYRGÐ Í TENGSLUM VIÐ VIRKNI SEM EKKI ER BROT Á HUGVERKARÉTTI.

ÁKVEÐIN LÖGGJÖF GÆTI FALIÐ Í SÉR ÁBYRGÐIR EÐA LAGT SKYLDUR Á SYMANTEC SEM (i) EKKI ER HÆGT AÐ ÚTILOKA, TAKMARKA EÐA BREYTA, EÐA (ii) EKKI ER HÆGT AÐ ÚTILOKA, TAKMARKA EÐA BREYTA NEMA AÐ TAKMÖRKUÐU LEYTI. ÞESSI SAMNINGUR HEYRIR UNDIR ÞESSI LAGAÁKVÆÐI. EF ÞESSI LAGAÁKVÆÐI GILDA TAKMARKAR SYMANTEC SKAÐABÓTASKYLDU SÍNA, ÞRÁTT FYRIR ÖNNUR ÁKVÆÐI Í ÞESSUM SAMNINGI OG AÐ ÞVÍ MARKI SEM SYMANTEC Á RÉTT Á, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SÉRHVERJA KRÖFU UNDIR ÞESSUM ÁKVÆÐUM VIÐ, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÞJÓNUSTUNA, AÐ VALI SYMANTEC, ENDURNÝJUN Á ÞJÓNUSTUNNI EÐA ÚTVEGUN Á SAMSVARANDI ÞJÓNUSTU; VIÐGERÐ Á ÞJÓNUSTUNNI; GREIÐSLU Á KOSTNAÐI VIÐ AÐ ENDURNÝJA ÞJÓNUSTUNA EÐA VIÐ AÐ ÚTVEGA SAMSVARANDI ÞJÓNUSTU; EÐA GREIÐSLU Á KOSTNAÐI VIÐ VIÐGERÐ Á ÞJÓNUSTUNNI EÐA, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SÉRHVERJA ÞJÓNUSTU, AÐ VALI SYMANTEC, ENDURÚTVEGUN ÞJÓNUSTU EÐA GREIÐSLU Á KOSTNAÐI VIÐ ÚTVEGUN Á ÞJÓNUSTUNNI. SKRIFAÐU TIL (I) SYMANTEC CUSTOMER SUPPORT, PO BOX 5689, DUBLIN 15, IRELAND EÐA (II) SYMANTEC CUSTOMER SERVICE Á LEVEL 3, 437 ST KILDA RD, MELBOURNE, VIC 3004, AUSTRALIA EÐA FARÐU Á ÞJÓNUSTUSÍÐUNA FYRIR ÞITT LAND EÐA SVÆÐI SEM HÆGT ER AÐ NÁLGAST Á https://www.symantec.com/globalsites/ TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM SKIPTI Á ÞJÓNUSTUNNI EÐA FÁ ENDURGREIDDA ÞÁ UPPHÆÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR NÚGILDANDI ÞJÓNUSTUTÍMA HVENÆR SEM ER Á SEXTÍU (60) DAGA TÍMABILI EFTIR KAUP Á ÁRSÁSKRIFT EÐA INNAN ÞRJÁTÍU (30) DAGA EFTIR KAUP Á MÁNAÐARÁSKRIFT.

**Fyrir viðskiptavini sem eru neytendur**

Að öðru leyti en þá ábyrgð sem Symantec veitir þér samkvæmt kafla 7 í ÞJÓNUSTUVIÐBÓT VIÐ LEYFISSAMNING NORTON - SKILMÁLAR FYRIR VIÐBÓTARÞJÓNUSTU og þeim réttindum sem þú hefur sem neytandi veitir Symantec enga frekari ábyrgð hvað varðar hugbúnaðinn og þjónustuna.

Skrifaðu til (i) Symantec Consumer Support, PO Box 5689, Dublin 15, Ireland eða farðu á stuðningssíðuna í þínu landi eða landssvæði, sem hægt er að nálgast á https://www.symantec.com/globalsites/ til að fá upplýsingar um skipti á gölluðum miðlum eða fá endurgreidda þá upphæð sem þú greiddir fyrir núgildandi þjónustutíma hvenær sem á því sextíu (60) daga tímabili eftir kaup á ársáskrift eða innan þrjátíu (30) daga frá kaupum á mánaðaráskrift.

11.2. Takmörkun á ábyrgð.

11.2.1 Skaðabótaskylda viðskiptavina í atvinnurekstri:

Ef þú ert neytandi eiga eftirfarandi ákvæði í þessum 9.2.1. kafla ekki við um þig nema ef, samkvæmt gildandi lögum í þinni lögsögu, ákveðin neytendaákvæði eiga við um notkun þína á þjónustunni, óháð því hvort slík notkun er rekstrarlegs, viðskiptalegs eða faglegs eðlis. Lestu 9.2.2. kafla í staðinn.

Ef þú ert viðskiptavinur í atvinnurekstri (þ.e. ef þú notar þjónustuna í rekstrarlegum, viðskiptalegum eða faglegum tilgangi („viðskiptavinur í atvinnurekstri“)) eiga eftirfarandi ákvæði hér í 9.2.1. kafla við um þig (óháð því hvort þú samþykkir þjónustuna).

A. AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA ERU SYMANTEC EÐA LEYFISVEITENDUR ÞESS EKKI UNDIR NEINUM KRINGUMSTÆÐUM SKAÐABÓTASKYLD GAGNVART ÞÉR (Í GÁLEYSI, SAMNINGUM EÐA MEÐ ÖÐRUM HÆTTI) VEGNA TAPS Á HAGNAÐI, TEKJUM, VIÐSKIPTASAMNINGUM, VÆNTUM SPARNAÐI EÐA VEGNA TAPAÐRA EÐA GALLAÐRA GAGNA VEGNA NOTKUNAR EÐA VANGETU TIL AÐ NOTA ÞJÓNUSTUNA (ÞAR Á MEÐAL ÖRYGGISAFRITUN OG TÆKNILEGA AÐSTOÐ) EÐA VEGNA SÉRHVERS SÉRSTAKS, AFLEIDDS, ÓBEINS EÐA SVIPAÐS TJÓNS, JAFNVEL ÞÓ AÐ SYMANTEC HAFI FENGIÐ UPPLÝSINGAR UM MÖGULEIKA Á SLÍKU TJÓNI.

B. AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA MUN SKAÐABÓTASKYLDA SYMANTEC EÐA LEYFISVEITANDA ÞESS EKKI FARA YFIR INNKAUPAVERÐIÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR VIÐKOMANDI ÞJÓNUSTUTÍMA.

C. Symantec mun bera skaðabótaskyldu gagnvart þér án takmarkana ef (a) þú deyrð eða slasast af völdum gáleysis Symantec eða (b) ef þú hlýtur af tap eða skaða af völdum sviksamlegrar hegðunar Symantec.

11.2.2 Skaðabótaskylda gagnvart neytendum:

Sért þú neytandi á þessi kafli 9.2.2 við um þig. Lestu hann vandlega. Kafli 9.2.2 á ekki við um þig ef þú ert viðskiptavinur í atvinnulífinu. Symantec mun bera skaðabótaskyldu gagnvart þér án takmarkana ef (a) þú deyrð eða slasast af völdum gáleysis Symantec eða (b) ef þú hlýtur af tap eða skaða af völdum sviksamlegrar hegðunar Symantec.

A. Samkvæmt undanfarandi ákvæðum hér í kafla 9.2.2 ber Symantec ekki ábyrgð á að greiða þér fyrir hvert það tap sem ekki er raunhæf fyrirsjáanleg afleiðing brota Symantec á þessum leyfissamningi. Notkun þín sem neytanda á þjónustunni skal ekki vera í viðskiptalegum tilgangi. Symantec skal þess vegna ekki bera skaðabótaskyldu gagnvart þér vegna taps á gróða, tekjum, viðbúnum sparnaði, samningum eða tíma sem fellur til vegna notkunar þinnar á eða vangetu til að nota hugbúnaðinn. vegna meiriháttar bilunar.

B. Við mælum eindregið með að þú takir reglulega öryggisafrit af gögnunum þínum.

C. Á þér hvílir ávallt sú skylda að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr tapi þínu.

11.3. <u>Eignarréttur.</u> Symantec heldur eignarhaldi á öllum eignarrétti á þjónustunni og á öllum vörunöfnum, vörumerkjum og þjónustumerkjum sem tengjast eða birtast með þjónustunni. Þú munt ekki fjarlægja, afmynda eða afmá neinar tilkynningar Symantec um höfundarrétt eða vörumerki og/eða skýringartexta eða aðrar eignaréttartilkynningar á, innbyggðar í eða tengdar við þjónustuna. Þú mátt ekki vendismíða, vendiþýða eða á annan hátt smætta á form sem er læsilegt mönnum neina þjónustu.

11.4. <u>Óviðráðanleg atvik.</u> Að því hámarki sem gildandi lög leyfa, skal Symantec ekki vera ábyrgt fyrir mistökum við framkvæmd af ófyrirséðum aðstæðum eða af orsökum sem Symantec hefur ekki stjórn á, þar með talið en takmarkast ekki við, óviðráðanleg atvik, stríð (hvort sem það er yfirlýst eða ekki), óeirðir, viðskiptabann, aðgerðir borgaralegra eða hernaðarlegra yfirvalda, hryðjuverkaárás eða hótun um hryðjuverkaárás, eldsvoða, flóð, slys, verkföll, verkbönn, bilun í opinberum eða einkafjarskiptanetum og -grunnvirkjum, eða skortur á samgöngum, aðstöðu, eldsneyti, orku, vinnuafli eða efni. Séu slíkar tafir fyrir hendi, má Symantec vera undanþegið slíkri framkvæmd að því marki sem hún tefst eða er hindruð af slíkum ástæðum.

11.5. <u>Útflutningsreglur</u>. Þú samþykkir að þjónustan og tengd tæknigögn og þjónusta (sameiginlega kallað „tækni undir eftirliti“) kann að falla undir bandarísk lög um innflutning og útflutning, sér í lagi bandarísku reglurnar um

umsjón með útflutningi (U.S. Export Administration Regulations (EAR)) og lög hvers þess lands sem tækni undir eftirliti er flutt inn til eða endurútflutt frá. Þú samþykkir að hlíta öllum viðkomandi lögum og munt ekki flytja út nokkra tækni undir eftirliti í bága við bandarísk lög eða til nokkurs lands, aðila eða einstaklings á bannlista þar sem útflutningsleyfis eða annars samþykkis yfirvalda er krafist. Bannað er að flytja út eða endurútflytja allar áskriftir Norton til Kúbu, Norður-Kóreu, Írans, Sýrlands og Súdans og til hvers þess lands sem fellur undir viðkomandi viðskiptabann. Þú samþykkir hér með að þú munt ekki flytja út eða selja neina nokkra tækni undir eftirliti til notkunar í tengslum við efna-, líffræðileg eða kjarnavopn eða flugskeyti, flygildi eða geimför sem geta flutt slík vopn.

12. Almennt

A. Gildandi lög. Skilmálarnir falla undir gildissvið laga í Englandi og Wales. Ekkert í skilmálunum skerðir nokkur þau réttindi sem þú kannt að hafa samkvæmt fyrirliggjandi löggjöf um neytendavernd eða öðrum gildandi lögum í þínu lögsagnarumdæmi sem ekki er hægt að afsala sér með samningi.

B. Allur samningurinn. Skilmálarnir eru allur samningurinn á milli þín og Symantec hvað varðar þjónustuna og: (i) leysa af hólmi fyrri eða samtíða munnleg eða skrifleg samskipti, tillögur og málflutning hvað varðar umfjöllunarefnið; og (ii) ganga framar öðrum ósamrýmanlegum eða aukalegum skilmálum í nokkru tilboði, pöntun, viðurkenningu eða sambærilegum samskiptum á milli aðilanna. Skilmálunum skal rift þegar í stað við brot þitt á skilmálunum, þar með talið en takmarkast ekki við: brot á grunnábyrgð þinni, þar með talið greiðsluskyldu og skyldu til að framselja ekki, samkvæmt köflum 1 eða 4 á þessum stað, og/eða brot á eignarrétti Symantec, eða gildandi innflutnings- og útflutningslögum samkvæmt köflum 11.3 eða 11.5 á þessum stað, og þú skalt þegar í stað hætta notkun þjónustunnar. Afsal ábyrgðar og takmörkun skaðabótaskyldu sem eru tiltekin í skilmálunum skulu halda gildi sínu eftir riftun. Hafir þú einhverjar spurningar varðandi skilmálana eða ef þú vilt af einhverjum ástæðum hafa samband við Symantec skaltu skrifa til Symantec Customer Support, PO Box 5689, Dublin 15, Ireland eða fara á þjónustusíðu fyrir land þitt eða svæði, sem má finna á https://www.symantec.com/globalsites/. Symantec mun ekki geyma afrit af skilmálunum.

CPS / SUBS_SOS 22.15 / IE

## 2. LOFORÐ NORTON UM VEIRUVARNIR

EF ÞÚ VALDIR EÐA HÓFST ÞJÓNUSTU SEM HEITIR „LOFORÐ NORTON UM VEIRUVARNIR" („ÞJÓNUSTUNA") Í GEGNUM VEFSVÆÐI SYMANTEC („VEFSVÆÐIÐ"), SKULU EFTIRFARANDI SKILMÁLAR OG SKILYRÐI („SKILMÁLARNIR") GILDA. ÞESSIR SKILMÁLAR KVEÐA Á UM LÖGLEGAN OG FRAMFYLGJANLEGAN SAMNING Á MILLI SYMANTEC CORPORATION OG HLUTDEILDARFÉLAGA ÞESS („SYMANTEC") OG ÞÍN UM NOTKUN Á ÞJÓNUSTUNNI. ÞJÓNUSTAN VEITIR ÞÉR AÐGENGI ALLAN SÓLARHRINGINN, ALLA DAGA VIKUNNAR AÐ VIRKUM SÉRFRÆÐINGUM SYMANTEC Í NORTONLIVE . „ÞÚ" EÐA „ÞINN" VÍSAR TIL ÞESS EINSTAKLINGS SEM ER AÐ NOTA ÞJÓNUSTUNA. SÚ STEFNA OG EFNI SEM SÉRSTAKLEGA ER VÍSAÐ TIL Í SKILMÁLUNUM ERU FELLD INN Í SKILMÁLANA MEÐ TILVÍSUN. ÁÐUR EN ÞÚ SMELLIR Á HNAPPINN „ÉG SAMÞYKKI", EÐA GEFA SAMÞYKKI Á ANNAN HÁTT TIL KYNNA FYRIR ÁFRAMHALD Á NOTKUN ÞJÓNUSTUNNAR, SKALTU LESA SKILMÁLANA HÉR AÐ NEÐAN VANDLEGA.

SAMÞYKKIR ÞÚ EKKI SKILMÁLANA, ÞÁ GETUR SYMANTEC EKKI VEITT ÞÉR ÞJÓNUSTUNA. Í ÞESSU TILFELLI ÆTTIR ÞÚ: (A) AÐ SMELLA Á HNAPPINN „HÆTTA VIÐ" EÐA ANNAN SVIPAÐAN HNAPP, EÐA GEFA NEITUN Á ANNAN HÁTT TIL KYNNA; OG (B) EKKI AÐ NOTA ÞJÓNUSTUNA OG HAFA SAMBAND VIÐ NOTENDAÞJÓNUSTU SYMANTEC, MEÐ TENGILIÐAUPPLÝSINGUNUM Í GILDANDI LEYFISSAMNINGI.

**MIKILVÆG TILKYNNING – TAKMARKAÐ ENDURGREIÐSLUTÍMABIL OG ENDURGREIÐSLURÉTTINDI:**

- **HAFIR ÞÚ FENGIÐ ÞJÓNUSTUNA Í GEGNUM KAUP Á NETINU Á NORTON.COM, ÞÁ SKAL RÉTTUR TIL AÐ NOTA ÞJÓNUSTUNA HEFJAST Á ÞEIM DEGI SEM ÞÚ KEYPTIR ÁSKRIFTINA AÐ NORTON, SEM FELUR Í SÉR ÞJÓNUSTUNA OG SKAL STANDA YFIR Í ÞANN TÍMA SEM ER TILTEKINN Í FYLGISKJÖLUNUM MEÐ KEYPTRI ÁSKRIFT AÐ NORTON.**

- **HAFIR ÞÚ FENGIÐ ÞJÓNUSTUNA Í GEGNUM SKRÁNINGU Í SJÁLFVIRKA ENDURNÝJUNARÞJÓNUSTU NORTON, ÞÁ SKAL RÉTTUR TIL AÐ NOTA ÞJÓNUSTUNA HEFJAST Á ÞEIM DEGI SEM ÞÚ SKRÁÐIR ÞIG OG SKAL STANDA YFIR Í GILDISTÍMA ÞÁGILDANDI ÁSKRIFTAR AÐ NORTON EÐA ÞAR TIL AÐ ÞÚ AFTURKALLAR SKRÁNINGU Í SJÁLFVIRKA ENDURNÝJUNARÞJÓNUSTU NORTON, HVORT SEM VERÐUR Á UNDAN.**

**ATHUGIÐ: SUM FYLKI OG LÖGSÖGUR LEYFA EKKI ÞÁ TAKMÖRKUN Á ENDURGREIÐSLURÉTTINDUM SEM ER LÝST Í ÞESSU ÁKVÆÐI SVO AÐ ÞETTA ÁKVÆÐI GILDIR HUGSANLEGA EKKI FYRIR ÞIG. ENNFREMUR HEFUR ÞETTA ÁKVÆÐI EKKI ÁHRIF Á NEIN ÖNNUR GILDANDI ENDURGREIÐSLURÉTTINDI. MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á HNAPPINN „ÉG SAMÞYKKI“ EÐA MEÐ NOTKUN ÞINNI Á ÞJÓNUSTUNNI, TELST ÞÚ HAFA SAMÞYKKT OG FALLIST Á AÐ VERA BUNDIN(N) AF SKILMÁLUNUM.**

Loforð Norton um veiruvarnir

Loforð um veiruvarnir inniheldur veiruhreinsunarþjónustu sem sérfræðingar Norton veita og fylgir með eftirfarandi hæfum áskriftarleiðum að Norton: Norton Security (Standard, Deluxe eða Premium), Norton Small Business, Norton Internet Security, Norton AntiVirus, Norton 360 og Norton 360 Multi-Device. Ef svo ólíklega vill til að við getum ekki fjarlægt veiruna úr tækinu, kannt þú að eiga rétt á endurgreiðslu á áskriftinni að Norton eða Norton-pakkanum (eftir því sem við á). Til að eiga rétt á endurgreiðslu þurfa eftirfarandi skilmálar og skilyrði að gilda:

(a) Þú verður að kaupa, endurnýja eða uppfæra hæfa áskrift þína að Norton beint frá Norton.com, eða gerast áskrifandi að sjálfvirkri endurnýjunarþjónustu Norton með hæfri Norton-áskrift þinni, nema ef þú ert lítill fyrirtækjaáskrifandi;

(b) Endurgreiðslan verður full endurgreiðsla samkvæmt greiddu raunverði fyrir núverandi áskriftarskilmála Norton. Hafir þú keypt pakka frá Norton (skilgreindur sem áskriftir að Norton og/eða þjónusta Norton) verður endurgreiðslan byggð á greiddu raunverði fyrir gildistíma núgildandi pakka frá Norton. Eða, ef keyptur pakki inniheldur áskrift að Norton með áskrift/vöru sem er ekki frá Norton, mun endurgreiðslan takmarkast við ráðlagt endursöluverð framleiðanda á áskrift að Norton fyrir núgildandi tímabil, sé það ekki hærra en greitt heildarverð fyrir þann pakka. Endurgreiðslan verður að frádregnum öllum fengnum afslætti eða endurgreiðslum og lægri en öll sendingar- og afgreiðslugjöld og allir gildandi skattar, nema í tilteknum fylkjum og löndum þar sem afgreiðsla og skattar eru endurgreiðanlegir;

(c) Ef þú hefur keypt áskrift að Norton frá smásöluaðila er sönnunar á kaupunum krafist;

(d) Symantec er ekki ábyrgt fyrir, og endurgreiðslan GILDIR EKKI fyrir neitt tap eða tjón sem verður af völdum veira; og

(e) Gildandi lög eða reglur landsins þar sem veiruhreinsunarþjónusta verður framkvæmd kunna að takmarka eða breyta framboði eða umfangi loforðs um veiruvarnir.

**1. Þjónusta**

1.1. Yfirlit yfir þjónustu

(1) Kynning. Symantec skal veita þjónustuna eins og fram kemur í skilmálunum og aðeins á þeim grundvelli að notkun þín á þjónustunni verði ekki í viðskiptalegum tilgangi. Þjónustufulltrúi Symantec mun reyna að veita þér þjónustuna í gegnum síma, í gegnum lifandi spjallsetu í tækinu eða með tölvupósti. Til að hámarka þjónustuna, og aðeins að því marki sem gildandi lög leyfa, kann Symantec að eigin ákvörðun að breyta eiginleikum eða lýsingum á þjónustunni frá einum tíma til annars; hins vegar skal þetta ekki hafa neikvæð áhrif á gæði neinnar tiltekinnar þjónustu sem Symantec hefur þegar gefið skýrt samþykki um að veita þér.

(2) Stuðningsforrit og fjaraðgangur. Á meðan þjónustulotu stendur kann Symantec að (i) biðja þig um að setja upp tiltekinn stuðningshugbúnað á tæki þitt með því að sækja stuðningshugbúnaðinn af vefsvæðinu og/eða (ii) biðja um leyfi þitt til að nota fjaraðgangsverkfæri í gegnum þjónustufulltrúa Symantec til að veita Symantec fjaraðgang og stjórn á tæki þínu; og/eða (iii) nýta tiltekinn stuðningshugbúnað þriðja aðila á tæki þínu, sem verður fjarlægður við lok þjónustulotunnar. Stuðningsforritið (þar með talið allur stuðningshugbúnaður þriðja aðila) og fjarstuðningstæki eru í eigu Symantec eða viðeigandi leyfisveitenda og birgja þriðja aðila og kann að vera vísað saman til þeirra sem „stuðningsforritsins“ í skilmálunum. Stuðningsforritið verður notað til að sundurgreina, greina, leysa erfið vandamál og/eða veita fínstillingaraðgerðir kerfisins. Þú mátt aðeins nota stuðningsforritið sem

hluta af eða ásamt þjónustunni og í engum öðrum tilgangi. Með því að velja að taka við stuðningi samþykkir þú að leyfa Symantec að nota hvaða stuðningsforrit sem þykja nauðsynleg til að laga tækið, þar með talið fjaraðgang. Þú skilur að ef fjaraðgangur er notaður á tækinu verða engar hugbúnaðarleifar eftir þjónustusetuna; hins vegar kann að verða búin til skýrsla með xml eða flash. Þú skilur einnig að ef þú velur að setja stuðningsforritið upp á tækinu með því að sækja stuðningsforritið, samþykkir þú að nota stuðningsforritið í samræmi við notkunarsamning stuðningsforrits Symantec sem er að finna á ftp://ftp.symantec.com/public/english_us_canada/premium_services/Support_Tool_EULA.pdf(„Notkunarsamningur stuðningsforritsins“). Í því tilfelli skaltu hætta notkun á stuðningsforritinu og fjarlægja það úr tækinu við lok þjónustulotunnar.

Symantec kann að, en ber engin skylda til, hafa eftirlit með og skrá þjónustulotur, þar með talið símtöl og nettengdar setur til að bæta þjónustu við viðskiptavini, innri þjálfun og innri markaðsrannsóknir. Þú veitir Symantec hér með heimild til að hafa eftirlit með og skrá þjónustuna og til að nota eða birta allar upplýsingar eins og nauðsynlegt eða viðeigandi er til að uppfylla allar laga-, reglugerðar- eða aðrar opinberar kröfur; til
að veita þér eða öðrum notendum þjónustuna og til að auka tegundir á þeirri þjónustu sem Symantec kann að veita þér í framtíðinni. Þú veitir Symantec einnig heimild til að blanda upplýsingum þínum saman við upplýsingar annarra á þann hátt að ekki sé hægt að auðkenna þig eða nein annan einstakling til að bæta þjónustuna, fyrir þjálfun, markaðssetningu og kynningu og í öðrum viðskiptalegum tilgangi.

(3) <u>Lýsing á þjónustu, lágmarkskröfur</u>. Sum tækin kunna að geta ekki móttekið þjónustuna jafnvel þó að upphafleg prófun hafi sýnt að tengingin væri nógu góð eða að umhverfi tækisins væri viðeigandi. Háhraðanettenging er áskilin til að taka á móti þjónustunni. Symantec skal veita þjónustuna að því tilskildu að þú mætir eftirfarandi lágmarkskerfiskröfum:

Windows XP 32-Bit (þjónustupakki 3 eða nýrri) Professional, Home Edition eða Media Center 2005

- 500 Mhz CPU
- 512 M RAM
- 500 MB af tiltæku plássi á harða drifinu
- Super VGA (800 x 600) eða hærri upplausn (myndbandstengi)
- Þú þarft að skrá þig inn sem kerfisstjóri

Windows Vista 32 bita eða 64 bita (allir þjónustupakkar) Home Basic, Home Premium, Business eða Ultimate

- 1 GHz CPU
- 512 MB RAM áskilið (1 GB ráðlagt)
- 500 MB (32 bita) eða 850 MB (64 bita) af tiltæku plássi á harða drifinu
- Super VGA (800 x 600) eða hærri upplausn (myndbandstengi)
- Þú þarft að skrá þig inn sem kerfisstjóri

Windows 7 32 bita eða 64 bita (allir þjónustupakkar) Home Basic, Home Premium, Business eða Ultimate

- 1 GHz CPU
- 512 MB RAM áskilið (1 GB ráðlagt)
- 500 MB (32 bita) eða 850 MB (64 bita) af tiltæku plássi á harða drifinu
- Super VGA (800 x 600) eða hærri upplausn (myndbandstengi)
- Þú þarft að skrá þig inn sem kerfisstjóri

Windows 8 32 bita (allir þjónustupakkar) Home Basic, Home Premium, Business eða Ultimate

- 1 GHz CPU
- 512 MB RAM áskilið (1 GB ráðlagt)
- 500 MB (32 bita) eða 850 MB (64 bita) af tiltæku plássi á harða drifinu
- Super VGA (800 x 600) eða hærri upplausn (myndbandstengi)
- Þú þarft að skrá þig inn sem kerfisstjóri

Windows 10 (allir þjónustupakkar) Home eða Pro

- 1 GHz CPU eða hraðara
- 1 GB (32 bita) eða 2 GB (64 bita)
- 16 GB (32 bita) eða 20 GB (64 bita) af tiltæku plássi á harða drifinu
- Microsoft DirectX 9 skjávinnuforrit með WDDM 1.0 rekli
- skjár með 800x600 upplausn
- Þú þarft að skrá þig inn sem kerfisstjóri

Kröfur Mac®

- Mac OS X 10.5, 10.7, 10.8 og 10.9
- Að minnsta kosti 256 MB af RAM
- Viðskiptavinur verður að hafa kerfisstjóraaðgang fyrir Mac
- Mac verður að geta tengst internetinu

Android™

- OS útgáfa 2.3 eða nýrri (verður að hafa forritið Google™ Play uppsett)

iOS®

- OS útgáfa 6 eða nýrri

1.2. Viðskiptalega sanngjörn viðleitni.

(i) Þó Symantec muni viðhafa alla viðskiptalega sanngjarna viðleitni til að veita þjónustuna, skilja og samþykkja bæði þú og Symantec að ekki er hægt að fjarlægja allar veirur með þjónustunni og Symantec ábyrgist ekki að hún muni fjarlægja allar veirur úr tækjum þínum.

(ii) Á meðan þjónustan er veitt getur Symantec ákveðið að vandamálið falli ekki undir þjónustuna. Symantec kann að nota viðskiptalega sanngjarna viðleitni til að beina þér að öðrum viðeigandi úrræðum; hins vegar mun Symantec ekki flytja þig beint á það úrræði. Að því marki sem gildandi lög leyfa áskilur Symantec sér rétt til að neita, fresta eða binda enda á alla þjónustu að eigin ákvörðun.

## 2. Ábyrgð þín

2.1. Grunnábyrgð. Þú samþykkir að þú ert löglegur leyfishafi hugbúnaðarins á tæki þínu og að notkun þín á internetinu sé alfarið á eigin ábyrgð. Með því að velja að taka á móti þjónustunni staðfestir þú að þú (a) hefur fullan aðgang að vélbúnaðinum og hugbúnaðinum sem er grunnur vandamálsins, og (b) hefur gert öryggisafrit á annan miðil af öllum hugbúnaði eða gögnum á vélbúnaðinum sem þjónustan getur haft áhrif á. Allar upplýsingar sem þú veitir Symantec verða að vera nákvæmar og tæmandi, þar með talið nafn þitt og heimilisfang, og ef við á, allar upplýsingar um debet- eða kreditkortanúmer, gildislokadagsetningar eða allar aðrar greiðsluupplýsingar sem þú veitir Symantec. Þú staðfestir ennfremur að þú heimilar Symantec að reikningsfæra á kredit- eða debetkortið (eftir því sem við á) sem þú gefur Symantec upp, fyrir öll gjöld sem þú samþykkir.

2.2. Skuldbinding. Að því marki sem gildandi lög leyfa mun Symantec ekki bera ábyrgð á tapi á eða endurheimt á gögnum, forritum eða tapi á notkun kerfa eða netkerfa sem stafar af þjónustunni eða aðgerða eða aðgerðarleysi, þar með talið vanrækslu, af hendi Symantec og/eða fultrúa þess. Ef Symantec vinnur með þér við að leysa öll aðgangsorða- eða önnur aðgangsvandamál mælir Symantec sterklega með því að þú endurstillir slík aðgangsorð þegar í stað eftir að þjónustu er lokið.

2.3. Enginn flutningur. Þjónustan er ekki flytjanleg. Þér er óheimilt að nota þjónustuna í tengslum við þjónustuskrifstofu eða neitt annað dreifingar- eða samnýtingarfyrirkomulag, fyrir hönd neins þriðja aðila eða með tilliti til neins vélbúnaðar eða hugbúnaðar sem er ekki í þinni eigu.

## 3. Persónuvernd; gagnavernd

Þegar þú ferð á vefsvæðið mun persónuverndarstefna Symantec, sem má nálgast til aflestrar undir tenglinum

„Persónuverndarstefna“ sem er birtur á vefsvæðinu, vera í gildi.

Þegar þú biður um þjónustu verður eftirfarandi upplýsingum safnað og þær sendar úr tækinu til Symantec í gegnum internettengingu:

- Þeim upplýsingum sem þú veittir þjónustufulltrúa Symantec í síma eða slóst inn í netviðmót Symantec þegar þú baðst um þjónustuna; og
- Tegund og útgáfu þess stýrikerfis og vafra sem tækið notar.

Á meðan þjónustunni stendur og ef stuðningsforrit er uppsett, getur stuðningsforritið safnað eftirfarandi upplýsingum og sent til Symantec um örugga tengingu:

- Fjölda skannaðra skráa, fundinna ógna og ógna sem stuðningsforritið lagaði;
- Hvaða gerðir ógna fundust;
- Fjölda og gerð eftirstandandi ógna sem stuðningsforritið lagaði ekki;
- Hvort eldveggur sé virkur;
- Hvort veiruförgunarbúnaður hafi verið settur upp, sé í keyrslu og nýuppfærður;
- Vafraupplýsingar, þar með talið öryggis- og tímabundnar skráarstillingar;
- Kerfisupplýsingar í tengslum við stýrikerfið, minnið og diskapláss, staðfestingu á umboði og skráarsafnslista fyrir stuðningsforritið;
- Öryggisstöðunni (góð/viðunandi/lág) í tækinu eins og stuðningsforritið segir til um;
- Upplýsingar um uppsett forrit og virka ferla; og
- Upplýsingar um kladdaskrá forritsins og skráningargögn.

Allar ofangreindar upplýsingar sem var safnað eru nauðsynlegar til að afhenda þjónustuna, þar með talið sundurgreiningu, greiningu, lausn á því vandamáli sem kom upp og hámörkun á virkni vara og þjónustu Symantec. Upplýsingarnar kunna að verða sendar til Symantec-samsteypunnar í Bandaríkjunum eða öðrum löndum sem kunna að hafa veikari gagnaverndarlöggjöf en á því svæði sem þú ert á (þ.m.t. Evrópusambandinu) en Symantec hefur gripið til ráðstafana svo að þær upplýsingar sem er safnað, séu þær sendar, séu verndaðar á viðunandi hátt.

Symantec kann að birta upplýsingarnar sem er safnað ef opinber löggæslumaður biður um það eins og krafist er eða heimilað af lögum eða sem svar við kvaðningu eða annarri málssókn. Til að vekja til vitundar um og til greiningar og forvarna gegn öryggisógnum á internetinu kann Symantec að deila tilteknum upplýsingum með rannsóknarstofnunum og öðrum söluaðilum öryggishugbúnaðar. Symantec kann einnig að nota talnagögn sem tekin eru úr upplýsingunum til að rekja og gefa út skýrslur um nýjustu þróun öryggisógna.

Allar upplýsingar um persónuverndarstefnu Symantec er að finna hér: https://www.symantec.com/privacy

**4. Aðrar mikilvægar upplýsingar**

4.1. Afsal ábyrgðar. AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA OG AÐ UNDANSKILDINNI ÁBYRGÐ Í KAFLA 1.2 HÉR AÐ OFAN, NEITAR SYMANTEC SKÝRT ALLRI ANNARRI BIRTINGU, SKILMÁLUM OG ÁBYRGÐ AF HVAÐA GERÐ SEM ER, BEINNI EÐA ÓBEINNI, ÞAR MEÐ TALIÐ, EN ÁN TAKMÖRKUNAR, ALLRI ÁBYRGÐ Á SÖLUHÆFI, HÆFI FYRIR ÁKVEÐINN TILGANG EÐA FRAMFYLGD Á HUGVERKARÉTTINDA. AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA ÁBYRGIST SYMANTEC ÞAR AÐ AUKI EKKI AÐ: (I) ÞJÓNUSTAN

OG/EÐA VEFSVÆÐIÐ MUNI STANDAST KRÖFUR ÞÍNAR; (II) ÞJÓNUSTAN OG/EÐA VEFSVÆÐIÐ MUNI VERÐA ÓSLITIN, TÍMANLEG, ÖRUGG EÐA LAUS VIÐ VILLUR; (III) ÞÆR NIÐURSTÖÐUR SEM KUNNA AÐ FÁST AF NOTKUN Á ÞJÓNUSTUNNI OG/EÐA VEFSVÆÐINU VERÐI NÁKVÆMAR EÐA ÁREIÐANLEGAR; (IV) GÆÐI ALLRAR ÞJÓNUSTU, ÁSKRIFTA, VARA EÐA UPPLÝSINGA SEM ÞÚ KAUPIR EÐA FÆRÐ Í GEGNUM ÞJÓNUTUNA OG/EÐA VEFSVÆÐIÐ MUNI STANDAST VÆNTINGAR ÞÍNAR; (V) ALLAR VILLUR Í ÞJÓNUSTUNNI OG/EÐA Á VEFSVÆÐINU VERÐI LEIÐRÉTTAR; (VI) ALLAR VEIRUR VERÐI FJARLÆGÐAR MEÐ ÞJÓNUSTUNNI; EÐA (VII) Í TENGSLUM VIÐ GREIÐSLU ENDURGREIÐSLUNNAR MUNI TÍMANLEIKI SLÍKRAR GREIÐSLU STANDAST VÆNTINGAR ÞÍNAR. ÖLL STUÐNINGSFORRIT, EFNI OG/EÐA GÖGN SEM ER HLAÐIÐ NIÐUR EÐA ÞÚ FÆRÐ Á ANNAN HÁTT MEÐ NOTKUN Á ÞJÓNUSTUNNI ERU ÁKVÖRÐUN ÞÍN OG ÁHÆTTA. STUÐNINGSFORRITIÐ ER VEITT „EINS OG ÞAÐ ER“ ÁN NOKKURRAR ÁBYRGÐAR OG VEITT Í SAMRÆMI VIÐ NOTKUNARSAMNING STUÐNINGSFORRITSINS. SYMANTEC ÁBYRGIST EKKI VÖRUR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA.

4.2. Takmörkun á ábyrgð. SUM FYLKI OG LÖGSÖGUR, ÞAR MEÐ TALIÐ AÐILDARLÖND Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU, HEIMILA EKKI TAKMÖRKUN EÐA ÚTILOKUN ÁBYRGÐAR VEGNA TILFALLANDI EÐA AFLEIDDS TJÓNS SVO AÐ TAKMÖRKUNIN EÐA ÚTILOKUNIN HÉR AÐ NEÐAN GILDIR HUGSANLEGA EKKI UM ÞIG.

AÐ ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA OG ÁN TILLITIS TIL ÞESS HVORT ÞAU ÚRRÆÐI SEM ERU SETT FRAM HÉRNA BREGÐIST GRUNDVALLARTILGANGI SÍNUM, MUN SYMANTEC EKKI UNDIR NOKKRUM KRINGUMSTÆÐUM BERA SKAÐABÓTAÁBYRGÐ GAGNVART ÞÉR Á (A) NEINUM TÖPUÐUM HAGNAÐI EÐA TÖPUÐUM GÖGNUM SEM VERÐA VEGNA ÁKVÆÐA ÞJÓNUSTUNNAR, (B) NEINU TAPI Á NOTKUN EÐA SKORTI Á FRAMBOÐI Á GAGNAVINNSLUTÆKJUM, SKILABOÐUM SEM EKKI TEKST AÐ SENDA EÐA VILLUM Í FLUTNINGI SEM VERÐA VEGNA NOTKUNAR Á EÐA VANGETU TIL AÐ NOTA ÞJÓNUSTUNA, EÐA (C) NEINU TILTEKNU AFLEIDDU, ÓBEINU EÐA SVIPUÐU TAPI EÐA TJÓNI, JAFNVEL ÞÓ AÐ SYMANTEC HAFI FENGIÐ UPPLÝSINGAR UM MÖGULEIKA Á SLÍKU TAPI EÐA TJÓNI. Í ENGU TILFELLI SKAL SKAÐABÓTASKYLDA SYMANTEC FARA FRAM YFIR VERÐIÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR ÞJÓNUSTUNA EÐA FIMMTÍU DOLLARA (50,00 USD) EÐA SAMSVARANDI UPPHÆÐ Í VIÐEIGANDI GJALDMIÐLI.

4.3. Eignarréttur. Symantec heldur eignarhaldi á öllum eignarrétti á þjónustunni, vefsvæðinu, stuðningsforritinu og á öllum vörunöfnum, vörumerkjum og þjónustumerkjum sem tengjast eða birtast með þjónustunni. Þú munt ekki fjarlægja, afmynda eða afmá neinar tilkynningar Symantec um höfundarrétt eða vörumerki og/eða skýringartexta eða aðrar eignaréttartilkynningar á, innbyggðar í eða tengdar við þjónustuna. Þú mátt ekki vendismíða, vendiþýða eða á annan hátt smætta á form sem er læsilegt mönnum neinn stuðningshugbúnað með þjónustunni.

4.4. Óviðráðanleg atvik. Að því hámarki sem gildandi lög leyfa, skal Symantec ekki vera ábyrgt fyrir mistökum við framkvæmd af ófyrirséðum aðstæðum eða af orsökum sem Symantec hefur ekki stjórn á, þar með talið en takmarkast ekki við, óviðráðanleg atvik, stríð (hvort sem það er yfirlýst eða ekki), óeirðir, viðskiptabann, aðgerðir borgaralegra eða hernaðarlegra yfirvalda, hryðjuverkaárás eða hótun um hryðjuverkaárás, eldsvoða, flóð, slys, verkföll, verkbönn, bilun í opinberum eða einkafjarskiptanetum og -grunnvirkjum, eða skortur á samgöngum, aðstöðu, eldsneyti, orku, vinnuafli eða efni. Séu slíkar tafir eru fyrir hendi, má Symantec vera undanþegið slíkri framkvæmd að því marki sem hún tefst eða er hindruð af slíkum ástæðum.

4.5. Útflutningsreglur. Þú samþykkir að þjónustan, stuðningsforritið og tengd tæknigögn og þjónusta (sameiginlega kallað „tækni undir eftirliti“) kann að falla undir bandarísk lög um innflutning og útflutning, sér í lagi bandarísku reglurnar um umsjón með útflutningi (U.S. Export Administration Regulations (EAR)) og lög hvers þess lands sem tækni undir eftirliti er flutt inn til eða endurútflutt frá. Þú samþykkir að hlíta öllum viðkomandi lögum og munt ekki flytja út nokkra tækni undir eftirliti í bága við bandarísk lög eða til nokkurs lands, aðila eða einstaklings á bannlista þar sem útflutningsleyfis eða annars samþykkis yfirvalda er krafist. Bannað er að flytja út eða endurútflytja allar áskriftir Norton til Kúbu, Norður-Kóreu, Írans, Sýrlands og Súdans og til hvers þess lands sem fellur undir viðkomandi viðskiptabann. Þú samþykkir hér með að þú munt ekki flytja út eða selja neina nokkra tækni undir eftirliti til notkunar með efna-, líffræðilegum eða kjarnavopnum eða flugskeytum, flygildum eða geimförum sem geta flutt slík vopn.

**5. Almennt**

A. Gildandi lög. Skilmálarnir falla undir gildissvið laga í Englandi og Wales. Ekkert í skilmálunum skerðir nokkur þau réttindi sem þú kannt að hafa samkvæmt fyrirliggjandi löggjöf um neytendavernd eða öðrum gildandi lögum

í þínu lögsagnarumdæmi sem ekki er hægt að afsala sér með samningi.

B. Allur samningurinn. Skilmálarnir eru allur samningurinn á milli þín og Symantec hvað varðar þjónustuna og: (i) leysa af hólmi fyrri eða samtíða munnleg eða skrifleg samskipti, tillögur og málflutning hvað varðar umfjöllunarefnið; og (ii) ganga framar öðrum ósamrýmanlegum eða aukalegum skilmálum í nokkru tilboði, pöntun, viðurkenningu eða sambærilegum samskiptum á milli aðilanna. Skilmálunum skal rift þegar í stað við brot þitt á skilmálunum, þar með talið en takmarkast ekki við: brot á grunnábyrgð þinni, þar með talið greiðsluskyldu og skyldu til að framselja ekki, samkvæmt köflum 2.1 eða 2.3 á þessum stað, og/eða brot á eignarrétti Symantec, eða gildandi innflutnings- og útflutningslögum samkvæmt köflum 4.3 eða 4.5 á þessum stað, og þú skalt þegar í stað hætta notkun þjónustunnar.  Afsal ábyrgðar og takmörkun skaðabótaskyldu sem eru tiltekin í skilmálunum skulu halda gildi sínu eftir riftun. Hafir þú einhverjar spurningar varðandi skilmálana eða ef þú vilt af einhverjum ástæðum hafa samband við Symantec skaltu skrifa til (i) Symantec Customer Support, PO 5689, Dublin 15, Ireland. fara á þjónustusíðu fyrir land þitt eða svæði, sem er að finna á https://www.symantec.com/globalsites/. Symantec mun ekki geyma afrit af skilmálunum.

IE VPP Terms/estore ACQ 6.0.2